

---

# LAGADEILD

**Meginreglan um hraða málsmeðferð í sakamálaréttarfari.**

**Hvers vegna skal niðurstaða liggja fyrir innan hæfilegs tíma?**

Ritgerð til BS gráðu í viðskiptalögfræði

Nafn nemanda: Brynjar Arnarson

Leiðbeinandi: Ari Karlsson

Vorönn – 2023




**HÁSKÓLINN Á BIFRÖST**

BIFRÖST UNIVERSITY



HÁSKÓLINN Á BIFRÖST  
BIFRÖST UNIVERSITY



**Meginreglan um hraða málsmeðferð í sakamálaréttarfari.  
Hvers vegna skal niðurstaða liggja fyrir innan hæfilegs tíma?**

Hafnarfjörður, 28. apríl 2023

# Ágrip

Ritgerðin fjallar um meginregluna um hraða málsmeðferð sem fram kemur í 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1994 og 1. mgr. 6. gr. Mannréttindasáttmála Evrópu sem lögfestur er í lögum nr. 62/1994. Ástæðan fyrir því að þetta viðfangsefni varð fyrir valinu er ákveðin þrýstingur almennings að sakamál fái styttri málsmeðferðartíma. Einnig hefur málshraði kynferðisbrotamála sérstaklega verið til umræðu í samfélaginu sem og á Alþingi nú síðast árið 2021 varðandi kynferðisbrot. Fór svo að þáverandi dómsmálaráðherra Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir lagði til að starfshópur yrði myndaður um málefnið. Sigríður J. Friðjónsdóttir ríkissaksóknari skipaði starfshóp utan um verkefnið. Skýrsla starfshóps ríkissaksóknara um málsmeðferðartíma kynferðisbrota var gefin út í ágúst árið 2022 og hefur nýst við vinnslu þessarar ritgerðar. Oft er torskilið fyrir þá sem hafa ekki lögfræðilegan bakgrunn að skilja hvað veldur því að málsmeðferðartími sé eins langur og raun verður í sumum tilfellum. Þess vegna tel ég mig knúinn að varpa ljósi á afhverju málsmeðferð dregst við meðferð sakamála.

Réttarfar er meginsvið þessarar rannsóknar og til þess að afmarka rannsóknarspurninguna þá beindi höfundur sjónum á meginregluna um hraða málsmeðferð í sakamálaréttarfari. Reglan er grundvallarregla í réttarfari. Lög nr. 88/2008 um meðferð sakamála innihalda ákvæði um málshraðaregluna á hverju stigi máls allt frá rannsókn lögreglu, hjá ákærvaldi og loks fyrir dómstólum. Í ritgerðinni eru skoðaðir dómar sem tengjast rannsóknarspurningunni og rýnt er í fræðigreinar sem tengjast rannsóknarefninu. Með tilliti til dómaframkvæmdar verður fjallað um afleiðingar brota gegn málshraðareglunni og einnig farið yfir viðmið Mannréttindadómstóls Evrópu fyrir brot á reglunni. Að lokum er samantekt höfundar á umfjöllun og niðurstöður dregnar saman.



## Abstract

In this essay the topic of discussion is the principle of speedy trial according to paragraph 1 of Article 70 of the Constitution of the Republic of Iceland, no. 33/1944, and Paragraph 1 Article 6 of the European Convention on Human Rights, also in laws no. 62/1994. Reason for choosing this topic is because of common interest from the public in Iceland that criminal cases get faster procedural time. Also have sexual offense been a cause of disagreement for their slow treatment in the justice system in Iceland, most recently in 2021 Alþingi Iceland parliament discussed a forementioned topic. Results from Alþingi discussion lead the former minister of justice Aslaug Arna Sigurbjörnsdóttir to form a committee around the topic. Sigridur J. Fridjonsdóttir Iceland public prosecutor put together individuals to make a report on how to speed up the process for sexual offense cases. This report was published in august of 2022 and has been used during the making of this essay. Legal matters can be tough to understand for those with limited background in the field therefore I am of high interest to explain why the rule for speedy trial does not always fulfill its main principle in criminal cases.

Judicial process is the main field of this research and to demarcate the research the author put focus on the main principle of prompt handling found in the Act of Criminal Procedure, no. 88/2008 and apply to the investigation and handling of criminal cases. A short thesis on the principle of prompt handling in other Icelandic laws is also introduced in this essay. Court cases that have connection with the research question are examined and articles from a law journal. The consequences for offenses of the main principle of prompt handling are discussed and criteria from the Human rights court are presented. At the end, the topics are summed up as are the main points of interest from what the author discussed.

# Formáli

Höfundur þessarar ritgerðar er Brynjar Arnarson nemandi í viðskiptalögfræði við Háskólann á Bifröst. Ritgerðin var unnin undir handleiðslu Ara Karlssonar lögfræðings. Ritgerðin er til 12 ECTS eininga og er lokaverkefni í viðskiptalögfræði við lagadeild Háskólans á Bifröst. Ritgerðin heitir :

*Meginreglan um hraða málsmeðferð í sakamálaréttarfari.*

*Hvers vegna skal niðurstaða liggja fyrir innan hæfilegs tíma?*

Þessi ritgerð er höfundi hugleikinn til þess að ná betri skilningi á réttarfari og að geta útskýrt fyrir öðrum álitaefni tengd réttarfari. Helsta markmið ritgerðarinnar er að vera samantekt fyrir regluna um hraða málsmeðferð sem getur aðstoðað bæði löglærðra og ólöglærðra einstaklinga við það að finna upplýsingar hratt og öðlast betri skilning á öllu tengdu reglunni. Markmiðið er að ritgerð þessi gefi ákveðna heildarsýn á mikilvægi reglunnar um málshraða í íslensku réttarfari.

Sérstakar þakkir til fjölskyldu minnar og kærustu fyrir prófarkarlestur þessarar ritgerðar.

Reglan um hraða málsmeðferð er meginregla í einka- og sakamálaréttarfari og gengur hún út á að meðferð máls sé hraðað eins mikið og kostur er.<sup>1</sup>

---

<sup>1</sup> Ritsj. Páll Sigurðsson. 2008. Lagastofnun Háskóla Íslands Lögfræðiorðabók. Bls 198.



# Efnisyfirlit

1. Inngangur .....	11
2. Mannréttindaákvæði stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 .....	13
2.1 Réttlát málsmeðferð samkvæmt. 1. mgr. 70. gr. stjkskr. og 1. mgr. 6. gr. MSE .....	14
2.2 Sjónarmið að baki málshraðareglunni.....	15
3. Reglan um hraða málsmeðferð í lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála.....	16
3.1 Málshraðaregla Stjórnsýslulaga nr. 37/1993 .....	20
3.2 Hröð málsmeðferð í einkamálaréttarfari.....	20
3.3 Samanburður á milli einkamálaréttarfars og sakamálaréttarfars.....	21
3.4 Einstakar meginreglur sakamálaréttarfars .....	22
3.4.1 Ákærureglan.....	22
3.4.2 Sannleiksreglan .....	22
3.4.3 Reglan um jafnræði málsaðila .....	23
3.4.4 Reglan um opinbera málsmeðferð .....	23
3.4.5 Reglan um munnlega málsmeðferð .....	23
3.4.6 Reglan um milliliðalaus málsmeðferð .....	23
3.4.7 Milliliðalaus sönnunarfærsla .....	24
3.4.8 Frjálst sönnunarmat dómara .....	24
3.4.9 Sönnunarbyrðin hvílir á ákværuvaldinu. ....	24
4. Sjónarmið við mat á hæfilegum málsmeðferðartíma og viðmið MDE.....	25
4.1 Viðmið MDE.....	26
4.1.2 Ber aðilinn sjálfur ábyrgð á drætti málsmeðferðar .....	26
4.1.3 Er dráttur á málsmeðferð til komin vegna háttsemi stjórnvalds sem hefur haft málið til meðferðar.....	28
4.1.4 Umfang máls.....	29
4.1.5 Hversu mikilvæg er úrlausn máls fyrir þann sem á í hlut.....	30
4.2 Greining á birtingu reglunnar í dómaframkvæmd.....	31



4.2.1 Kyrrsetning.....	32
4.2.2 Málsmeðferð .....	32
4.2.3 Sönnun og sönnunarmat.....	33
4.2.4 Vítur og aðfinnslur.....	33
4.2.5 Frávísun máls eða niðurfelling rannsóknar.....	34
4.2.6 Ómerking.....	34
4.2.7 Niðurfelling.....	34
4.2.8 Sakarfyrning.....	35
4.2.9 Viðurlög .....	36
4.2.10 Skaðabætur.....	36
4.3 Ákvörðun refsingar með tilliti til málshraðareglunnar.....	37
<b>5. Tölfræðiupplýsingar um meðferð sakamála.....</b>	<b>38</b>
5.2 Skýrsla Ríkissaksóknara um rannsókn á kynferðisbrotum.....	39
5.3 Framfarir við rannsókn kynferðisbrota .....	41
5.4 Samtal við starfandi lögreglunema.....	42
<b>Samantekt.....</b>	<b>44</b>
<b>HEIMILDARSKRÁ .....</b>	<b>46</b>
<b>Dómaskrá.....</b>	<b>47</b>



# 1. Inngangur

Viðfangsefni þessarar ritgerðar er meginreglan um hraða málsmeðferð í íslensku réttarhari. Regluna er hægt að kalla málshraðaregluna, regluna um hraða málsmeðferð, fljótvirka málsmeðferð einnig talað um regluna í samhengi við málsmeðferðartíma. Krafa um að mál séu til lykta leidd innan hæfilegs tíma eru mikilvæg fyrir réttarvörslukerfið í heild, af þeirri ástæðu að kerfið haldi trúverðugleika og búi yfir ákveðinni skilvirkni. Stuðlar þessi skipan að trausti almennings til réttarvörslukerfisins og verndar aðila gegn óhæfilegum drætti á meðferð máls. Nauðsynlegt er fyrir sakborning að þurfa ekki of lengi að búa við óvissu um réttarstöðu sína auk þess sem hagsmunir brotþola, einstaklinga og samfélagsins í heild rökstyðja mikilvægi reglunar um hraða málsmeðferð.<sup>2</sup>

Í upphafi ritgerðarinnar verður fjallað um uppruna reglunnar og í hvað henni felst ásamt lagagrundvelli reglunnar. Sérstaklega verður greint frá því hvernig hún birtist í lögum um meðferð sakamála nr. 88/2008. Þá verður gert grein fyrir ákvæðum sem fjalla um málshraðaregluna í öðrum almennum íslenskum lögum.


Meginreglan um hraða málsmeðferð er lögfest í 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrár Lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 (stjskr.), en sambærilegt ákvæði er í 1. mgr. 6. gr. mannréttindasáttmála Evrópu (hér eftir MSE)<sup>3</sup> en ákvæði þess samnings voru lögfest hér á landi með lögum nr. 62/1994. Reglan

---

<sup>2</sup> Þorgeir Ingi Njálsson landsréttardómari. (2021). UM HRAÐA MÁLSMEÐFERÐ — MÁLSMEÐFERÐ INNAN HÆFILEGS TÍMA. *Tímarit lögfræðinga*. 1. tbl. Bls. 519

<sup>3</sup> **6. gr. MSE.** *Réttur til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi.*

□ 1. Þegar kveða skal á um réttindi og skyldur manns að einkamálarétti eða um sök, sem hann er borinn um refsivert brot, skal hann eiga rétt til réttlátrar og opinberrar málsmeðferðar innan hæfilegs tíma fyrir sjálfstæðum og óvilhöttum dómstóli. Sé skipan hans ákveðin með lögum. Dóm skal kveða upp í heyranda hljóði, en banna má fréttamönnum og almenningi aðgang að réttarhöldunum að öllu eða nokkru leyti af siðgæðisástæðum eða með tilliti til allsherjarreglu eða þjóðaröryggis í lýðfrjálsu landi eða vegna hagsmuna ungmenna eða verndar einkalífs málsaðila eða, að svo miklu leyti sem dómstóllinn telur brýna nauðsyn bera til, í sérstökum tilvikum þar sem opinber frásögn mundi torvela framgang réttvísinnar.



hefur verið skýrð á þann hátt að hún taki ekki aðeins til meðferðar mála fyrir dómi heldur að hún gildi jafnframt um málsmeðferðartíma á rannsóknarstigi.<sup>4</sup>

Í ritgerð þessari verður litið til íslenskrar dómaframkvæmdar sem og dómaframkvæmd Mannréttindadómstóls Evrópu ( MDE ). Áhersla er lögð á mikilvægi reglunnar, bæði fyrir samfélagið í heild sem og aðila máls. Helsta markmiðið með þessari ritgerð er að sýna fram á mikilvægi þess að tryggja hraða málsmeðferð í sakamálaréttarfari sem og hvað er verið að gera í samtímanum til að hlíta reglunni við meðferð sakamála.

---

<sup>4</sup>Eiríkur Tómasson. *Sakamálaréttarfar – Rannsókn Þvingunarráðstafanir*. Reykjavík 2012. Bls 62.

## 2. Mannréttindaákvæði stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944

Mannréttindi eða barátta fyrir bættum mannréttindum er megineinkenni lýðræðisríkja. Uppruni mannréttindahugtaksins er að merking þess sé ekki aðeins lagaleg. Heldur byggist hugmyndafræðilegur grundvöllur mannréttinda á náttúru réttarkenninum sem fela í sér að mannréttindi eru til án tillits til þess hvort þau eru talin í stjórnarskrá eða lögum yfirleitt. Mannréttindi eru því ekki réttindi sem veitt eru með lögum heldur byggjast á siðferðilegri kröfu um þann grundvöll sem réttarkerfið hvílir á.<sup>5</sup> Grunnþáttur í íslenski stjórnskipun er að mannréttindi borgaranna eru sérstaklega varin með stjórnarskrábundinni vernd. Mannréttindareglur eru réttarhærri öllum öðrum réttarheimildum og torveldara er að breyta þeim en almennum lagareglum. Mannréttindaákvæði stjórnarskrár lýðveldisins Íslands nr. 33/1944 eru í VI. og VII. kafla hennar og er þeim ætlað að mæla fyrir um stöðu borgaranna og þá einkum gagnvart ríkinu.<sup>6</sup>

Umboðsmaður Alþingis ritaði forsætisráðherra bréf 29. desember 1988 í máli UA nr. 70/1988 um ófullkomin ákvæði til verndar mannréttindum í íslenskum lögum. Benti umboðsmaður þar á að í íslensku stjórnarskrána vantaði almenn ákvæði um veigamikil mannréttindi. Nefndi hann m.a. afturvirkni refsilaga, jafnrétti og rétt til réttlátrar málsmeðferðar fyrir dómi. Vísaði umboðsmaður til þess að íslenska ríkið væri nú þegar aðili að alþjóðasamningum um mannréttindi og að nauðsynlegt væri að horfa til úrbóta með því að endurskoða mannréttindarákvæði stjórnarskrárinnar. Einnig nefndi umboðsmaður þann möguleika að mannréttindasáttmáli eins og MSE yrði lögfestur á Íslandi.

Markar bréfið í raun og veru upphaf þeirra breytinga sem urðu á íslenskri löggjöf á næstu árum.

Ísland hafði 4. nóvember 1950 undirritað á fundi Ráðherranefndar Evrópuráðsins undir MSE samninginn sem tók gildi 3. september 1953, sbr. auglýsingu í C-deild Stjórnartíðinda nr. 11, 9. febrúar 1954.<sup>7</sup> En MSE var ekki leiddur inn í íslensk lög fyrr en með lögum nr. 62/1994 sem voru samþykkt í maí 1994.

<sup>5</sup> Björg Thorarensen, Stjórnskipunarréttur: Mannréttindi Codex 2008. Bls. 35.

<sup>6</sup> Björg Thorarensen, Stjórnskipunarréttur: Mannréttindi Codex 2008. Bls. 21.

<sup>7</sup> Björg Thorarensen o.fl., Mannréttindasáttmáli Evrópu: Meginreglur, framkvæmd og áhrif á íslenskan rétt (2. útgáfa, Bókaútgáfan Codex 2017). Bls. 25.

Í framhaldi var íslenska stjórnarskráin tekin til heildarendurskoðunnar með stjórnskipunarlögum nr. 97/1995. Mannréttindarákvæðin höfðu þá staðið frá fyrstu íslensku stjórnarskránni frá árinu 1874.<sup>8</sup>

Stjórnskipunarlög nr. 97/1995 breyttu mannréttindaákvæðunum í ýmsum veigamiklum atriðum, löggin voru því sett þar sem MSE voru aðeins almenn lög og stjkskr. breyting myndi bæta afstöðu MSE gagnvart stjkskr.<sup>9</sup> Markmiðið var að færa inn í stjkskr. þau réttindi sem voru vernduð í MSE.<sup>10</sup> Þótt MSE hafa sama gildi og önnur almenn lög verður að telja fyrirmæli hans réttærri en aðrar sambærilegar réttarheimildir því að dómurum ber að skýra ákvæði stjkskr. til samræmis við fyrirmælin.<sup>11</sup>

Helstu breytingar mannréttindaákvæða stjkskr. voru m.a. að almenn regla um jafnræði allra fyrir lögum 1. mgr. 65. gr. stjkskr. , bann við frelsissviptingu nema skv. lagaheimild, réttur til að bera frelsissviptingu undir dómstól og bótaréttur frelsissviptra manna 1., 4. og 5. mgr. 67. gr. Einnig bann við afturvirkni refsilaga 1. mgr. 69. gr. Þau mannréttindaákvæði sem komu ný inn í stjórnarskránnu eiga fyrirmynd í alþjóðlegum mannréttindasamningum.<sup>12</sup>

## **2.1 Réttlát málsmeðferð samkvæmt 1. mgr. 70. gr. stjkskr. og 1. mgr. 6. gr. MSE**

Í 1. mgr. 70. gr. stjkskr. er kveðið á um rétt til réttlátrar málsmeðferðar á sama hátt og í 1. mgr. 6. gr. MSE. Stjórnarskrarákvæðið er að þessu leyti sniðið eftir 1. mgr. 6. gr. MSE og gilda sömu sjónarmið við skýringu beggja ákvæðanna. Íslenskir dómstólar taka þess vegna mið af dómum MDE þar sem reynir á skýringu á þessari meginreglu um réttláta málsmeðferð í réttarhari.<sup>13</sup> Fyrsta skilyrðið sem 1. mgr. 70. gr. setur um málsmeðferð fyrir dómstólum er að hún sé réttlát. Hugtakið réttlát málsmeðferð er afar víðtækt og í því eru í reynd fólgin öll þau atriði sem upp eru talin í 1. mgr. Sé um sakamál að dæma gildir verður rétturinn virkur frá upphafi lögreglurannsóknar.<sup>14</sup> Í íslenskri dómaframkvæmd hefur hugtakið réttlát málsmeðferð i 70. gr

<sup>8</sup> Björg Thorarensen o.fl., Um lög og rétt: Helstu greinar íslenskrar lögfræði (n. 11) 30

<sup>9</sup> Björg Thorarensen. *Stjórnskipunarréttur : mannréttindi*. Reykjavík 2008. Bls 33

<sup>10</sup> Björg Thorarensen. *Stjórnskipunarréttur : mannréttindi*. Reykjavík 2008. Bls 33

<sup>11</sup> Eiríkur Tómasson. Réttlát Málsmeðferð.... bls 16.

<sup>12</sup> Björg Thorarensen. *Stjórnskipunarréttur : mannréttindi*. Reykjavík 2008. Bls 34.

<sup>13</sup> Eiríkur Tómasson. *Réttlát málsmeðferð fyrir dómi (Orator 1999)*. Bls. 69-70.

<sup>14</sup> Björg Thorarensen. *Stjórnskipunarréttur : mannréttindi*. Reykjavík. Codex 2008. Bls 239.

stjskr. ekki verið skilgreint sérstaklega og er það ekki að finna sem slíkt í réttarfarslögum eða annarri löggjöf. Algeng ástæða þegar aðildarríki er talið hafa brotið gegn 1. mgr. 6. gr. MSE er að sakborningur í refsímáli hafi ekki notið réttlátrar málsmeðferðar sé fólgin í nokkrum sjálfstæðum meginreglum sem dómstóllinn hefur til hliðsjónar en kjarni reglna sem varða réttláta málsmeðferð lýtur að jafnræði málsaðila fyrir dómi og í sakamálum hafa þar einnig mikla þýðingu atriði sem snúa að öflun sönnunargagna og sönnunarfærslu í sakamálum.<sup>15</sup> Markmiðið með ákvæði 1. mgr. 70. gr. stjskr. er að tryggja jafnræði fyrir dómstólum ásamt því að tryggja að réttindi og skyldur manna séu virtar á hlutlægum grundvelli í ákvörðunum dómstóla. Einnig er mikilvægt að borgarnir fái vandvirka úrlausn í málum sínum og að réttaröryggissjónarmið séu tryggð.<sup>16</sup>

Ákvæðið um réttinn til réttlátrar málsmeðferðar í 1. mgr. 70. gr. stjskr. er svohljóðandi :

Öllum ber réttur til að fá úrlausn um réttindi sín og skyldur eða um ákæru á hendur sér um refsiverða háttsemi með réttlátri málsmeðferð **innan hæfilegs tíma** fyrir óháðum og óhlutdrægum dómstóli. Dómping skal háð í heyranda hljóði nema dómari ákveði annað lögum samkvæmt til að gæta velsæmis, allsherjarreglu, öryggis ríkisins eða hagsmuna málsaðila.

Orðin þrjú sem eru feitletruð í ákvæðinu að ofan: Innan hæfilegs tíma fanga umfjöllunarefni þessarar ritgerðar og fela í sér megintilgang reglunnar um hraða málsmeðferð. Í dómi *Hæstaréttar frá 18. desember 2000 í máli nr. 419/2000* reyndi á mikilvægi 1. mgr. 70. gr. stjskr.

M höfðaði mál gegn K og krafðist viðurkenningar á því að hann væri faðir barns K. Krafðist K frávísunar málsins frá héraðsdómi á þeim rökum að M gæti ekki átt aðild að faðernismáli, enda væru aðilar að slíkum málum tæmandi taldar í 1. og 2. mgr. 43. gr. þágildandi barnalaga nr. 20/1992. Í dómnum segir m.a. „Fallast ber á það með sóknaraðila að löggjöf, sem við þessar aðstæður takmarkar rétt manns til að fá úrlausn dómstóla um málefni er varða hagsmuni hans, brjóti gegn 70. gr. stjskr. sbr. einnig 1. mgr. 6. gr. MSE.

Niðurstaða Hæstaréttar var þá sú að 1. mgr. 43. gr. þágildandi barnalaga hafi verið andstæð 70. gr. stjskr og 1. mgr. 6. gr. MSE.

## 2.2 Sjónarmið að baki málshraðareglunni.

Samkvæmt 1. mgr. 70. gr. stjskr. er m.a. kveðið á um að manni beri að fá réttláta málsmeðferð fyrir dómstóli innan hæfilegs tíma. Enginn almenn regla er til staðar í réttarfarslögjöf um

<sup>15</sup> Björg Thorarensen. *Stjórnskipunarréttur : mannréttindi*. Reykjavík. Codex 2008. Bls. 240.

<sup>16</sup> Gunnar G. Schram, *Stjórnskipunarréttur* (Háskólaútgáfan 1999) Bls. 461.

tímann sem meðferð máls megi taka fyrir dómstólum. Stjórnarskráákvæðið gildir um einkamál og sakamál. Eðli máls samkvæmt er áherslan þó þyngrri á að hraða meðferð sakamála. Aðilar að einkamáli geta frekar haft áhrif á framvindu í málsmeðferð sinni en aðilar að sakamáli. Í meginatriðum eru sjónarmiðin að baki þessari reglu tvíþætt og snúa bæði að hagsmunum samfélagsins í heild og einstaklingnum. Frá sjónarhóli einstaklings er lítil tilgangur að vernda rétt manns til þess að koma máli fyrir dómstóla ef hann getur ekki treyst á að úrlausn þess liggi fyrir innan hæfilegs tíma, heldur bíði fyrir dómstólum svo árum skipti. Rétturinn missir þá marks og er þá hvorki raunhæfur né virkur. Í refsímálum er það manni í hag að rannsókn og meðferð máls ljúki sem fyrst, sérstakleg ef hann er saklaus af sakargiftum. Með sama hætti má segja að það sé einstaklega þungbært fyrir mann að vera sakfelldur mörgum árum eftir að hann framdi brot og þurfa þá að afplána refsíðóm, enda kunna hafir hans að hafa breyst verulega á þeim tíma sem liðinn er frá brotinu.<sup>17</sup> Það er einnig keppikefli frá sjónarhóli samfélagslegra hagsmuna að mál dragist ekki að óþörfu á langinn. Það hefur ekki aðeins í för með sér aukinn kostnað við réttarkerfið, heldur bitnar það á baráttunni gegn afbrotum í þjóðfélaginu vegna þess að líklegt er að fljótverk og skilvirk réttarvarsla geti komið í veg fyrir brot sem ella væru framin. Ætíð verður þó að gæta þess að mál séu rannsökuð ofan í kjölinn og verði ekki afgreidd í svo miklum flýti að réttur sakbornings sé fyrir borð borinn.<sup>18</sup>

### **3. Reglan um hraða málsmeðferð í lögum nr. 88/2008 um meðferð sakamála**

Hér verður farið yfir þau ákvæði úr sml. sem kveða á um regluna um hraða málsmeðferð. En fyrst er áhugavert að skoða uppruna reglunnar úr íslensku sakamálaréttarfari og verður nú vikið af þeirri umfjöllun.

Reglan um hraða málsmeðferð var fyrst lögfest með lögum nr. 27/1951 um meðferð opinberra mála. Þau lög voru fyrstu lögín sem sett voru hér á landi sem heildarlög um meðferð sakamála.<sup>19</sup> Lög nr. 27/1951 voru mikið framfaraspor og marka þau fyrsta skrefið í átt til nútíma ákæruéttarfars. Ákvæðið um hraða skildi málsmeðferð var í 138. gr. laga nr. 27/1951 og var svohljóðandi :

<sup>17</sup> Björg Thorarensen : Stjórnskipunarréttur : Mannréttindi. Reykjavík. Codex 2008. Bls. 254

<sup>18</sup> Eiríkur Tómasson. Réttlát málsmeðferð fyrir dómi. Orator 1999. Bls 115.

<sup>19</sup> Eiríkur Tómasson. Meginreglur Sakamálaréttarfars 2. útg. Úlfjótur 2012. Bls 5



Hraða skal meðferð opinberra mála eftir föngum, enda verði þess jafnan gætt að afla allra fánlegra skýringa um málavöxtu. Dómari (dómur) ræður gangi máls, enda er hann óbundinn af yfirlýsingum málflytjenda eða kröfum, nema þær séu borgararéttar eðlis. Eigi skiptir það máli, hvenær yfirlýsingar koma fram í rannsókn eða flutningi máls.

Ákæruréttarfar var endanlega fest í sessi hér á landi með lögum um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 (oml.).<sup>20</sup> Setning oml. var liður í heildarendurskoðun sem átti sér stað á þeim tíma á dómstólakerfi landsins og réttarfarsreglum. Grundvöllur breytinganna var lagður með lögum nr. 92/1989 um aðskilnað dómsvald og umboðsvalds í héraði. Meginmarkmið þeirra laga var gerbreyting á dómstólaskipan í héraði.<sup>21</sup>

Reglan um hraða málsmeðferð var svohljóðandi í 1. og 2. mgr. 133. gr. oml. :

1. Hraða skal meðferð máls eftir föngum.
2. Dómur skal kveðinn upp svo fljótt sem unnt er og að jafnaði ekki síðar en þremur vikum eftir dómtöku. Ef ekki er kostur að kveða upp dóm svo fljótt, skal gerð grein fyrir orsökum þess í dómnum.

Í oml. gildi reglan einnig um rannsakendur sem og meðferð máls fyrir dómi.<sup>22</sup>

Hefðbundin dómaframkvæmd styðst við regluna um hraða málsmeðferð á eftirfarandi hátt:

Í *Hæstaréttardómi frá 4. nóvember 1999 í máli nr. 234/1999* segir :

Þar sem T var fundinn sekur um fíkniefnabrot, hafði ákæra í málinu ekki verið gefin út fyrr en tveimur árum eftir að rannsókn lögreglunnar á því lauk. Þetta taldi Hæstiréttur vítaverðan drátt sem ekki hafði verið skýrður, sbr. 1. mgr. 133. gr. opl., svo og 70. gr. stjkskr. og 1. mgr. 6. gr. MSE. Í dómnum segir síðan orðrétt : „Vegna þessa verður fallist á með héraðsdómara að binda verði refsingu ákærða skilorði með þeim hætti, sem gert var í hinum áfrýjaða dómi.“

Í núgildandi lögum kemur reglan um hraða málsmeðferð ennþá skýrar fram þar sem hana er að finna í nokkrum ákvæðum **laga nr. 88/2008 um meðferð sakamála**.<sup>23</sup>

Munurinn á oml. og sml. er því fyrst og fremst greinilegur á þann hátt að í sml. hefur ákærvaldið sitt ákvæði um að hraða beri meðferð máls, rannsakendur sitt ákvæði og loks

<sup>20</sup> Eiríkur Tómasson. Meginreglur Sakamálaréttarfars 2. útg. Úlfjótur. Bls 5

<sup>21</sup> Svala Ólafsdóttir. Nýskipan ákærvalds. Úlfjótur – tímarit laganema 01.05.1997

<sup>22</sup> Eiríkur Tómasson. Sakamálaréttarfar: Rannsókn: Þvingunarráðstafanir (Codex 2012). Bls 62.

<sup>23</sup> Hér eftir sml.

dómsvaldið. Birting reglunnar um hraða málsmeðferð kemur því fyrir þrisvar sinnum í sml. og einnig er hún nefnd í athugasemdum með frumvarpinu. Áðurnefnd rök endurspegla því mikilvægi reglunnar í sakamálaréttarfari.

Ákærvaldið á Íslandi er í höndum ríkissaksóknara, héraðssaksóknara og lögreglustjóra að undanskildum ríkislögreglustjóra sbr. 1.mgr. 18.gr. sml. Ákærendur hafa það hlutverk að tryggja að þeir sem fremji afbrot verði beittir lögmæltum viðurlögum sbr. 2. mgr. 18.gr. sml. Í 3. mgr. 18. gr. sml. er kveðið um það að ákærendur skulu hraða meðferð mála eftir því sem kostur er. Með vísan til 1. ml. 1. mgr. 20. gr. sml. er þar kveðið á um að Ríkissaksóknari sé æðsti handhafi ákærvalds og ber ábyrgð á ákvörðunum þeirra sem við embætti hans starfa.

Rannsókn sakamála er í höndum lögreglu sbr. 1. mgr. 52. gr. sml. og skal lögregla samkvæmt 2. mgr. sömu greinar hvenær sem þess er þörf hefja rannsókn út af vitneskju eða grun um að refsivert brot hafi verið framið hvort sem henni hefur borist kæra eða ekki.

Í 2. málslíð 2. mgr. 53. gr. laganna er kveðið á um þá meginreglu að þeim sem rannsaka sakamál skulu vinna að því að hið sanna og rétta komi í ljós og gæta jafnt að þeim atriðum sem horfa til sýknu og sektar. Þeim ber jafnframt að hraða meðferð mála eftir því sem kostur er. Einnig kemur fram í 3. mgr. 21. gr. sml. að ríkissaksóknari geti gefið öðrum ákærendum fyrirmæli um einstök mál sem þeim er skylt að hlíta. Ríkissaksóknari getur þar með kveðið á um rannsókn máls, mælt fyrir um framkvæmd hennar og fylgst með hvernig lögregla vinnur að henni. Ekkert einhlítt svar er til við þeirri spurningu hvenær rannsókn máls hefur dregist umfram það, sem lög leyfa, heldur fer það eftir atvikum hverju sinni. Markmið rannsóknar er að upplýsa mál svo unnt sé að taka ákvörðun um saksókn á eins traustum grundvelli og kostur er. Þar af leiðandi verður áherslan á málshraða að víkja fyrir því sjónarmiði að leiða beri hið sanna í ljós.<sup>24</sup>

Draga má þá ályktun að *Hæstaréttardóm frá 11. júní 2009 í máli nr. 472/2008* þar sem fjallað var um rannsókn á höfundarréttarbrotum hóps manna sem ákærðir höfðu verið 31. október 2007 og sakfelldir í héraði 3. mars 2008. Í dómnum segir orðrétt:

---

<sup>24</sup> Eiríkur Tómasson. Sakamálaréttarfar: Rannsókn: Þvingunarráðstafanir (Codex 2012). Bls. 63.

„Það athugast að rannsókn málsins hófst með húsleit 28. september 2004. Þrátt fyrir að málið sé mjög umfangsmikið hefur sá langi tími sem meðferð þess hefur tekið ekki verið skýrður á fullnægjandi hátt.“

Samkvæmt þessu brjóta umtalsverðar tafir á rannsókn máls í bága við meginregluna um hraða málsmeðferð, nema þær hafi verið skýrðar á fullnægjandi hátt af hálfu lögreglu eða ákærvalds.<sup>25</sup>

Brot tengd ýmsum efnahagsbrotum og skipulagðri brotastarfsemi svo sem fíkniefnamál eru gjarnan það flókin úrlausar að dráttur á rannsókn getur leitt til það að refsingar verði vægari en ella. Þess vegna er heimild í ákvæðum 146. gr. sml. sem fjallar um að draga úr umfangi rannsókna til að flýta fyrir málsmeðferð.<sup>26</sup> Í 1. ml. 4. mgr. segir :

„Nú kemur til greina að sækja mann til sakar í einu máli út af fleiri brotum og er þá heimilt að falla frá saksókn vegna þeirra brota sem ætla má að skipti engu eða óverulegu máli við ákvörðun viðurlaga.“

Undir XXV. kafla laganna um almenna meðferð máls fyrir dómi, er tekið fram í 1. mgr. 171. gr. að hraða skuli meðferð máls eftir föngum. Því er ljóst að lögum samkvæmt ber yfirvöldum að skera úr máli einstaklinga, sem sakaðir eru um glæpi, sem fyrst og það á öllum stigum meðferðar þess. Einu gildir hvort það er í rannsókn hjá lögreglu, er á borði ákærvalds eða tekið til meðferðar hjá dómstólum.<sup>27</sup>

Regluna um hraða málsmeðferð er að finna á fleiri réttarsviðum hvað varðar málsmeðferð eða ákvarðanir stjórnvalda á sviði stjórnsluréttar eða einkamálaréttarfars. Má hér nefna í dæmaskyni málshraðareglu 9. gr. stjórnslulaga nr. 37/1993 (ssl.), 63. gr. barnaverndarlaga nr. 80/2002, 3. mgr. 38. gr. barnalaga nr. 76/2003, 5. mgr. 6. gr. laga um skilameðferð lánastofnana og verðbréfafyrirtækja nr. 70/2020.

<sup>25</sup> Eiríkur Tómasson. Sakamálaréttarfar: Rannsókn: Þvingunarráðstafanir (Codex 2012). Bls. 65.

<sup>26</sup> Eiríkur Tómasson. Sakamálaréttarfar: Rannsókn: Þvingunarráðstafanir (Codex 2012). Bls. 67-68.

<sup>27</sup> Eiríkur Tómasson. Meginreglur sakamálaréttarfars. 2. útg. 2012. Bls. 19.

### 3.1 Málshraðaregla Stjórnsýslulaga nr. 37/1993

Stjórnsýslulaga nr. 37/1993 eru kjarni ssl. og snúa að þeim ákvörðunum sem stjórnvald tekur um rétt og skyldu manna sbr. 2. mgr. 1. gr. ssl. Um störf lögreglu gilda almennt ákvæði ssl., nema annað komi fram í sml. eða öðrum lögum. Afmörkun ssl. gagnvart málsmeðferð sakamála snýr af því að leiki enginn grunur á refsiverðu broti þá er líklegast ekki um rannsókn sem tengist laga um meðferð sakamála<sup>28</sup>. Hins vegar er hægt að beita þá stjórnsýsluviðurlögum sem gerast brotlegir án þess þó að mál verði höfðað fyrir dómstólum. Rannsókn ýmissa stjórnvalda á atvikum sem tengst geta refsiverðri háttsemi skal ekki vera talinn sakamálarannsókn.<sup>29</sup> Málsmeðferðarreglur stjórnvalda eiga að tryggja hagsmuni og réttarstöðu borgaranna gagnvart stjórnvöldum við meðferð mála.<sup>30</sup> Starfsemi stjórnvalda getur verið afar ólík og þess vegna er örðugt að mæla fyrir um sama afgreiðslutíma á öll mál. Þess vegna er kveðið á um eina mikilvægustu meginregluna um málshraða stjórnsýsluréttar í 9. gr. ssl. Samkvæmt 1. mgr. 9. gr. ssl. segir að ákvarðanir í málum skulu teknar svo fljótt sem unnt er. Reglan felur í sér að ekki megi vera ónauðsynlegur dráttur á afgreiðslu erinda þegar taka á stjórnsýsluákvörðun.<sup>31</sup> Úrlausnir stjórnvalda geta verið þýðingarlitlir fyrir málsaðila ef ekki fæst niðurstaða innan hæfilegs tíma.<sup>32</sup> Að lokum má þess getið að dragist meðferð stjórnsýslumáls vegna t.d. aðgerðaleysis stjórnvalda þá getur það leitt til þeirrar niðurstöðu að dómstólar ógildi stjórnsýsluákvörðunina, sérstaklega ef aðrir gallar eru á málsmeðferð.<sup>33</sup>

### 3.2 Hröð málsmeðferð í einkamálaréttarfari

Reglan um hraða málsmeðferð leiðir af nokkrum ákvæðum eml. Helst eru þó ákvæði XIX kafla eml. sem mæla fyrir um flýtimeðferð mála við ákveðnar aðstæður.<sup>34</sup> Tvær meginreglur úr einkamálarétti tengjast málshraðareglunni og þær eru annars vegar málsforræðisreglan og hins vegar útilokunarreglan. Málsforræðisreglan felur í sér að aðilar dómsmáls geti ráðstafað sakarefni þess, með einhliða athöfnum eða athafnaleysi sínu, svo og ráðið því hvernig meðferð þess skuli háttað, að því marki sem slíkt er heimilað að lögum.<sup>35</sup>

<sup>28</sup> Eiríkur Tómasson. Sakamálaréttarfari: Rannsókn: Þvingunarráðstafanir. Codex 2012. Bls. 17-18.

<sup>29</sup> Eiríkur Tómasson. Sakamálaréttarfari: Rannsókn: Þvingunarráðstafanir. Codex 2012. Bls. 19.

<sup>30</sup> Páll Hreinsson. Stjórnsýslulögin : skýringarit. 1994. Bls. 115.

<sup>31</sup> Páll Hreinsson. Stjórnsýslulögin : skýringarit. 1994. Bls. 99.

<sup>32</sup> Páll Hreinsson. Stjórnsýslulögin : skýringarit. 1994. Bls. 97.

<sup>33</sup> Eiríkur Tómasson. Réttlát málsmeðferð fyrir dómi. Reykjavík 1999. Bls. 137.

<sup>34</sup> Björg Thorarensen. Stjórnskipunarréttur. Mannréttindi. Reykjavík 2008. Bls 254.

<sup>35</sup> Páll Sigurðsson ofl. Lögfræðiorðabók – með skýringum. Bls. 280.

Útilokunarreglan takmarkar það að aðilar geti teft fram nýjum atriðum í máli svo sem kröfum, málsástæðum og sönnunargögnum, þannig að fyrst verði uppvíst um ágreiningsatriði í því á seinni stigum.<sup>36</sup> Regluna er að meðal annars að finna í 1. mgr. 80. gr. eml. , 2. mgr. 99. gr. eml. og 5. mgr. 101. gr. eml. Fyrirnefnd ákvæði stuðla af því að á fyrstu stigum máls hvaða atvik það eru sem aðilarnir eru ósammála um og er þá einnig kominn fram rökstuðningur hvors um sig fyrir kröfu sinni. Leiðir þetta til þess hvaða umdeildu atriði þarf að sanna í málinu.<sup>37</sup> Útilokunarreglan sér til þess að meginreglan um hraða málsmeðferð verði virt.<sup>38</sup> Óskipulegur og ómarkviss rekstur mála bitnar á dómstólum og því er nauðsynlegt að ekki leggja í hendur aðilanna að ráða þannig yfir starfsemi dómstóla.<sup>39</sup>

Til þess að ná markmiði reglunnar um hraða málsmeðferð í einkamálaréttarfari þarf því að heimila eða öllu fremur skylda dómara til að gæta að málshraða án tillits til vilja aðilanna.<sup>40</sup> Þau ákvæði þar sem dómari stjórnar málshraðanum er í 2. mgr. 99. gr. og 2. mgr. 102. gr. eml. Getur dómari þá synjað um frest þótt aðilarnir séu sammála að vilja fá frest. Samkvæmt 1. mgr. 102 gr. og 103. gr. eml. er skilyrði að teknar séu munnlegar skýrslur af aðilum og vitnum fyrir dómi í einni lotu við aðalmeðferð til þess að koma í veg fyrir að sama mál sé tekið fyrir aftur og aftur.<sup>41</sup>

Útilokunarreglan er tvímælalaust ein mikilvægasta grundvallarreglan sem eml. byggja á<sup>42</sup> Það sjónarmið sem býr að baki reglunni um hraða málsmeðferð í einkamálaréttarfari er hversu nauðsynlegt það er fyrir samfélagið að ágreiningur milli manna sé leystur greiðulega.<sup>43</sup>

### **3.3 Samanburður á milli einkamálaréttarfars og sakamálaréttarfars**

Til að byrja með er sóknaraðilinn í sakamáli ávallt ákærvaldið og sú skylda hvílir á að gæta hlutlægni í garð varnaraðilans. Kröfur í sakamáli snúast fyrst og fremst um refsingu þó hægt sé að hafa uppi einkaréttarkröfur í máli sbr.<sup>44</sup> 1. mgr. 172. gr. sml. Áherslan af hálfu dómara og ákærvalds á að vera að hið sanna komi í ljós og sé sakborningur sýknaður þá falla hagsmunir

<sup>36</sup> Páll Sigurðsson ofl. Lögfræðiorðabók – með skýringum. Bls 465.

<sup>37</sup> Markús Sigurbjörnsson. Einkamálaréttarfar. 2. útg. Úlfljótur. Reykjavík 2003. Bls. 18.

<sup>38</sup> Markús Sigurbjörnsson. Einkamálaréttarfar. 2. útg. Úlfljótur. Reykjavík 2003. Bls. 17.

<sup>39</sup> Björg Thorarensen. Um lög og rétt : Helstu greinar íslenskrar lögfræði. Reykjavík 2009.

<sup>40</sup> Markús Sigurbjörnsson. Einkamálaréttarfar. 2. útg. Úlfljótur 2003. Bls. 17.

<sup>41</sup> Markús Sigurbjörnsson. Einkamálaréttarfar. 2. útg. Úlfljótur 2003. Bls. 17.

<sup>42</sup> Markús Sigurbjörnsson. Einkamálaréttarfar. 2. útg. Úlfljótur 2003. Bls. 18.

<sup>43</sup> Markús Sigurbjörnsson. Einkamálaréttarfar. 2. útg. Úlfljótur 2003. Bls. 17.

<sup>44</sup> Eiríkur Tómasson. Meginreglur sakamálaréttarfars, Úlfljótur 2. útg. 2012 Bls. 7.

beggja aðila saman. Það sjónarmið sem grundvallar réttarríki er að betra sé að tíu sekir gangi lausir en að saklaus maður verði dæmdur til að þola refsingu. Þar með á ákærvaldið ekki einungis að líta til þeirra atriða sem horfa til sektar. Aðilar geta ekki ráðstafað sakarefninu í sakamáli og eru því meginreglurnar um sammingsheimild og málsförræði aðila sem eru grundvallarreglur í einkamálaréttarfari ekki gildar í sakamálaréttarfari.<sup>45</sup> Einkaréttarkröfur svo sem kröfur brotþola um skaðabætur vegna refsiverðar háttsemi er þó hægt að ráðstafa að vild sbr. 4. mgr. 174. gr. sml. Staða dómara í sakamáli hefur undarfarinn ár færst í átt til einkamálaréttarfars þótt sumt horfi öðru vísi við í sakamálum en í einkamálum. Sönnunarmatið er frjálst á báðum réttarsviðum sbr. 1. mgr. 44. gr. eml. og 1. og 2. mgr. 109. gr. sml.<sup>46</sup>

### **3.4 Einstakar meginreglur sakamálaréttarfars**

Nú verður stiklað á stóru í öðrum helstu meginreglum sem gilda um meðferð sakamála skv. lögum nr. 88/2008. Aðrar meginreglur sml. tengjast málshraðareglunni sbr. fyrri umfjöllun og því verður umfjöllun um þær hér.

#### **3.4.1 Ákærureglan**

Frumkvæðið í málshöfðun er ávallt í höndum ákærvaldsins sbr. 1. mgr. 152. gr. sml. Sérhver refsiverð háttsemi skal sæta ákæru nema annað sé ákveðið í lögum skv. 142. gr. sml. Mynda þessi tvö ákvæði kjarna ákærureglunnar sem fyrst var lögleidd hér á landi með lögum nr. 27/1951. Ákærvaldinu ber að líta jafnt til þeirra atriða sem eru ákærða í hag og þeirra sem eru honum í óhag. Þess vegna er ekki hægt að segja að hér á landi ríki ákæruéttarfar í hreinræktaðri mynd.<sup>47</sup> Hreinræktað ákæruéttarfar gerir ráð fyrir að sakamál séu sótt og varin á báða bóga líkt og í einkamáli. Hlutverk sækjanda er einskorðað við að gæta hagsmuna ákærvaldsins og dómari skal hafa sem minnst afskipti af rektri málsins. Ákæruéttarfar fellur vel að nútímahugmyndum um mannréttindi þar sem markmið þess er að tryggja réttaröryggi þess sem sakaður er um refsiverða háttsemi.<sup>48</sup>

#### **3.4.2 Sannleiksreglan**

Sannleiksreglan eða reglan um að leiða skuli hið sanna í ljós í hverju máli vegna þess að það brýtur í bága við réttarvitund almennings að saklaus maður sé dæmdur til þess að þola refsingu.

<sup>45</sup> Eiríkur Tómasson. Meginreglur sakamálaréttarfars, Úlfjótur 2. útg. 2012 Bls. 8

<sup>46</sup> Eiríkur Tómasson. Meginreglur sakamálaréttarfars, Úlfjótur 2. útg. 2012. Bls. 9.

<sup>47</sup> Eiríkur Tómasson. Meginreglur sakamálaréttarfars. 2. útgáfa. 2012. Bls 10.

<sup>48</sup> Eiríkur Tómasson. Meginreglur sakamálaréttarfars. 2. útg. 2012. Bls. 2-3.

Einnig hægt að tala um hlutlægnisskyldu þeirra aðila sem annast rannsókn. Samkvæmt 18. og 53. gr. sml. skulu ákværuvald og þeir sem rannsaka sakamál vinna að því að hið sanna og rétta komi í ljós og gæta jafnt að þeim atriðum sem horfa til sýknu og sektar.<sup>49</sup> Reglan takmarkast um að leiða skuli hið sanna í ljós af öðrum mikilvægum réttarforsreglum, líkt og málshraðareglunni, reglunni um jafnræði málsaðila og að sönnunarbyrði um sekt sakbornings hvíli á ákværuvaldinu.<sup>50</sup>

### **3.4.3 Reglan um jafnræði málsaðila**

Þessi meginregla er leidd af fyrirmælum 1. mgr. 70. gr. stjskr. um réttláta málsmeðferð sbr. 1. og 3. mgr. 6. gr. MSE. Reglan er fólgin í því að aðilar máls eru jafn rétt háir fyrir dómara. Dómarinn má semsé ekki halla á hvorugan aðilan undir rekstri máls.<sup>51</sup>

### **3.4.4 Reglan um opinbera málsmeðferð**

Gengur út á að dómþing skuli halda í heyranda hljóði og almenningur eigi þannig aðgang að þeim og segja megi opinberlega frá því sem þar kemur fram.<sup>52</sup> Kemur fram í 1. mgr. 70. gr. stjskr. um réttláta málsmeðferð og einnig í 1. mgr. 10. gr. sml. Í undantekningartilvikum, svo sem kveðið er á í liðum a – g í málsgreinni er dómara rétt að réttarhald skuli háð fyrir luktum dyrum. Dæmi er kynferðisbrotamál þar sem tilgangurinn fyrir luktum dyrum er að hlífa vitnum, þá einkum brotapolum.<sup>53</sup>

### **3.4.5 Reglan um munnlega málsmeðferð**

Í samræmi við fyrirmæli 1. mgr. 70. gr. stjskr. og 1. mgr. 6. gr. MSE um opinbera málsmeðferð er gengið út frá því að meginreglu í lögum um meðferð sakamála sé munnleg<sup>54</sup>

### **3.4.6 Reglan um milliliðalaus málsmeðferð**

Með milliliðalaus málsmeðferð er venjulega átt við það að sami dómari annist meðferð máls frá upphafi til enda, þ. á. m. leysi hann eftir atvikum úr því með dómi. Megininntak reglunnar um milliliðalaus málsmeðferð er að sá dómari, sem dæmir mál, taki skýrslur af ákærða og vitnum

<sup>49</sup> Eiríkur Tómasson. Meginreglur sakamálaréttarfars. 2. útg. 2012. Bls. 11.

<sup>50</sup> Eiríkur Tómasson. Meginreglur sakamálaréttarfars. 2. útg. 2012. Bls. 13

<sup>51</sup> Eiríkur Tómasson. Meginreglur sakamálaréttarfars. 2. útg. 2012. Bls. 13

<sup>52</sup> Páll Sigurðsson ofl. Lögfræðiorðabók með skýringum. Bls. 308.

<sup>53</sup> Eiríkur Tómasson. Meginreglur sakamálaréttarfars. 2. útg. 2012. Bls. 15 – 16.

<sup>54</sup> Eiríkur Tómasson. Meginreglur sakamálaréttarfars. 2. útg. 2012. Bls. 17.

og jafnframt séu önnur sönnunargögn færð fyrir hann sbr. 1. mgr. 111. gr. og 1. mgr. 112. gr. sml.<sup>55</sup>

#### **3.4.7 Milliliðalaus sönnunarfærsla**

Gengur út á það sama og í ofangreindri umfjöllum um milliliðalaus málsmeðferð en skv. fyrirmælum 1. mgr. 70. gr. stjkskr. og 1. mgr. 6. gr. MSE um réttláta málsmeðferð hafa verið skýrð svo að þessari reglu skuli að jafnaði fylgt. Í d-lið 6. gr. MSE er síðan sérstaklega tekið fram að sakborningur skuli fá að spyrja eða láta spyrja vitni sem leidd eru gegn honum og öfugt einnig þau sem eru sakborningi í vil.<sup>56</sup>

#### **3.4.8 Frjálst sönnunarmat dómara**

Í 2. mgr. 109. gr. sml. er mælt fyrir um það sem nefnt hefur verið frjálst sönnunarmat dómara, vegna þess að hann er ekki bundinn af neinum fyrirfram ákveðnum reglum, þegar hann leggur mat á hvað telst sannað í sakamáli. Þess í stað ber honum að beita heilbrigðri skynsemi og taka mið af reynslu sinni sem dómari. Sönnunarmatið er frjálst í þeim skilningi að dómari er ekki bundinn af tilteknum sönnunraðferðum og eru dómaramat skorður settar eins og að ekki má hann byggja niðurstöðu sína á sekt eða sýknu af gögnum sem ekki hafa komið fram í málinu. Í öðru lagi þá verður mat hans að vera hlutlægt og styðjast við málefnaleg rök. Síðast en ekki síst verður dómari ávallt að taka mið af þeirri meginreglu að sönnunarbyrðin hvílir á ákærvaldinu.<sup>57</sup>

#### **3.4.9 Sönnunarbyrðin hvílir á ákærvaldinu.**

Í 2. mgr. 70. gr. stjkskr. er manni, sem borinn er sökum um refsiverða háttsemi, tryggður réttur til þess að vera talinn saklaus þar til sekt hans hefur verið sönnuð. Þetta er ein mikilvægasta grundvallarreglan í sérhverju réttarríki og er hana að finna í 2. mgr. 6. gr. MSE. Þáttur í þessari reglu er að finna í 108. gr. sml. Af því ákvæði hefur sú ályktun verið dregin að allan vafa um sönnun beri að skýra sökuðum manni í hag. Ákærvaldið er skylt að afla sönnunargagna sbr. 1. mgr. 53. gr. og sönnunarbyrðin hvílir á því sbr. 1 og 2 mgr. 110. gr. sml. Telji ákærvaldinu Auðvitað má ekki taka þessu of bókstaflega því ef ákærandi færir sönnur sem nægja til sakfellingar t.d. niðurstöðu úr rannsókn þar sem áfengismagn í blóði ökumanns hefur

<sup>55</sup> Eiríkur Tómasson. Meginreglur sakamálaréttarfars. 2. útg. 2012. Bls. 18.

<sup>56</sup> Eiríkur Tómasson. Meginreglur sakamálaréttarfars. 2. útg. 2012. Bls. 22.

<sup>57</sup> Eiríkur Tómasson. Meginreglur sakamálaréttarfars. 2. útg. 2012. Bls. 28-29.



mælst yfir lögleyfðum mörkum breytist sönnunarstaðan óneitanlega. Vegna eðlis sakamála er eðlilegt að ríkari kröfur eru gerðar í sakamálum en einkamálum.<sup>58</sup>

## 4. Sjónarmið við mat á hæfilegum málsmeðferðartíma og viðmið MDE

Athugasemdir í frumvarpi sem varð að stjórnskipunarlögum nr. 97/1995 varpa ákveðnu ljósi á það til hvaða atriða skuli horft við mat á því hvort málsmeðferðartími sé innan eða utan marka í skilningi meginreglunnar um hraða málsmeðferð. Þá annars vegar hvort tíminn teljist hæfilegur eða hvort brotið hafi verið gegn henni. Þessa gætir að sjálfsögðu í dómsúrlausnum íslenskra dómstóla og við bætist dómaframkvæmd MDE út frá 1. mgr. 6. gr. MSE.<sup>59</sup> Nauðsynlegt er að skoða hvenær upphaf og lok málsmeðferðar telst vera þegar metið er hvort málsmeðferð hafi dregist svo að brotið hafi verið í bága við málshraðaregluna.<sup>60</sup> Fleiri en eitt sjónarmið búa að baki reglunni um fljótvirka málsmeðferð skv. 1. mgr. 6. gr. MSE. Í fyrsta lagi er það tillitið til málsaðila því að það hlýtur að öðru jöfnu að vera þeim í hag að meðferð máls ljúki sem fyrst. Í annan stað er það þýðingarmikið fyrir samfélagið að mál dragist ekki óþarflega á langinn. Það dregur úr kostnaði við málarekstur sem að stórum hluta er greiddur af hinu opinbera.<sup>61</sup> Mikilvægt er að greina á milli einkamála og sakamála til þess að meta hvort meðferð máls hafi dregist úr hömlu í skilningi 1. mgr. 6. gr. MSE. Þegar um er að ræða sakamál er ljóst að tímabilið, sem hafa ber hliðsjón af, hefst í mörgum tilvikum áður, jafnvel löngu áður en formleg ákæra hefur verið gefin út og birt ákærða. Í máli *Héraðsdóms Reykjavíkur S-3394/2022* var hafist handa við að fylgjast með sakborningum sumarið 2020 af lögreglu en þeir ekki handteknir fyrr en 20. maí 2022. Í máli *Deweer gegn Belgíu* komst Mannréttindadómstóllinn þannig að þeirri niðurstöðu að ákvæði 1. mgr. 6. gr. eigi við þegar rannsókn eða meðferð máls að öðru leyti er

<sup>58</sup> Eiríkur Tómasson. Meginreglur sakamálaréttarfars. 2. útg. 2012. Bls. 29-30.

<sup>59</sup> Þorgeir Ingi Njálsson landsréttardómari. (2021). UM HRAÐA MÁLSMEÐFERÐ — MÁLSMEÐFERÐ INNAN HÆFILEGS TÍMA. *Tímarit lögfræðinga*. 1. tbl. Bls 534.

<sup>60</sup> Björg Thorarensen: Stjórnskipunarréttur: Mannréttindi. Reykjavík 2008. Bls 255.

<sup>61</sup> Björg Thorarensen o.fl., Mannréttindasáttmáli Evrópu: Meginreglur, framkvæmd og áhrif á íslenskan rétt (2. útgáfa, Bókaútgáfan Codex 2017). Bls 216.

farin að hafa veruleg áhrif á stöðu manns sem grunaður er um refsiverða háttsemi.<sup>62</sup> Birting endanlegs dóms í máli markar að jafnaði lok þess tímabils sem hliðsjón er höfð af. Ekkert einhlítt svar er til við því, hve langur tími þarf að líða frá því að meðferð máls hefst og þar til henni lýkur, skv. framansögðu, til þess að mál teljist hafa dregis óhæfilega á langinn í skilningi 1. mgr. 6. gr. MSE.<sup>63</sup>

## 4.1 Viðmið MDE

MDE hefur nokkur atriði til grundvallar sem íslenskir dómstólar geta stuðst við túlkun á 1. mgr. 70. gr. stjkskr. Atriðin aðstoða við að leggja mat á hvort réttur manns til málsmeðferðar innan hæfilegs tíma hafi verið brotin. Það eru því einkumm fjögur atriði við mat á því hvort mál hafi dregist úr hömlu skv. 1. mgr. 6. gr. MSE. Eru þessi atriði eftirfarandi:

1. Ber aðilinn sjálfur ábyrgð á drætti málsmeðferðar.
2. Er dráttur á málsmeðferð til komin vegna háttsemi stjórnvalds sem hefur haft málið til meðferðar.
3. Umfang máls.
4. Hversu mikilvæg er úrlausn máls fyrir þann sem á í hlut.<sup>64</sup>

### 4.1.2 Ber aðilinn sjálfur ábyrgð á drætti málsmeðferðar

Eðli máls samkvæmt hefur það áhrif á niðurstöðu Mannréttindadómstólsins hvort aðili máls hefur sjálfur valdið því eða átt þátt í því, með athöfnum sínum eða athafnaleysi, að mál hefur dregist úr hömlu. Að jafnaði ber aðili einnig hallan af því ef lögmaður hans eða verjandi verður þess valdandi að meðferð máls tefst að óþörfu, jafnvel þótt hann sé skipaur eða tilnefndur til starfans af yfirvöldum. Almennt séð hvílir enginn skylda á sökuðum manni til þess að sýna yfirvöldum samstarfsvilja við að upplýsa sakamál, sem leitt getur til þess að hann verði sakfelldur. Ef sakborningur reynir hins vegar að villa um fyrir lögreglu eða dómara með röngum

<sup>62</sup> Dómur Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Deweer gegn Belgíu frá 27. febrúar 1980, mál nr. 6903/75

<sup>63</sup> Björg Thorarensen o.fl., Mannréttindasáttmáli Evrópu: Meginreglur, framkvæmd og áhrif á íslenskan rétt (2. útgáfa, Bókaútgáfan Codex 2017). Bls 217.

<sup>64</sup> Björg Thorarensen o.fl., Mannréttindasáttmáli Evrópu: Meginreglur, framkvæmd og áhrif á íslenskan rétt (2. útgáfa, Bókaútgáfan Codex 2017). Bls 218-220.

framburði eða hefur flúið undan réttvísinni eða komið sér með öðrum hætti undan henni skrifast tafir, sem af því hljóttast, á hans reikning<sup>65</sup> t.d. *Í Hrd. 27. febrúar 2003 í máli nr. 508/2002*

Var ákærði verið sakfelldur með dómi héraðsdóms 29. mars 2000 og dæmdur í sex mánaða fangelsi. Hann áfrýjaði dóminum 24. apríl 2000 og var áfrýjunarstefna gefin út 13. júní árið 2000. Ekki tókst að birta ákæra stefnuna þar sem hann hvarf af landi brottum sama leyti og kom ekki aftur til Íslands fyrr en í nóvember 2002. Fyrir Hæstarétti krafðist hann þess að refsing hans yrði milduð með hliðsjón af þessum drætti. Á það var ekki fallist og þar um vísað til þess að ákærði hefði horfið af landi brott án þess að gera ráðstafanir til þess að í hann næðist. Hafi því verið við hann sjálfan að sakast að ekki tókst að birta stefnuna fyrr.<sup>66</sup>

Í Hrd. 25. september 2008 mál nr. 96/2008 var hins vegar talið að ákærða yrði ekki einum kennt um verulegan drátt sem varð á rannsókn málsins.<sup>67</sup>

Atvik voru á þann hátt að kæra var lögð fram á hendur ákærða 7. nóvember 2003 fyrir kynferðisbrot. Tekin var skýrsla af honum hjá lögreglu 10. desember ár. Lífsýni, sem tekin voru til DNA-greiningar, voru send til rannsóknar í Noregi og lá niðurstaða hennar fyrir í apríl 2004. Ákærði var þá farinn úr landi og var búsettur í Noregi og Danmörku næstu árin. Það var ekki fyrr en í mars 2007 að lögregla náði að finna ákærða og í framhaldinu var lögregluskýrsla tekin af honum í Danmörku. Um framangreindan drátt á rannsókn málsins segir svo í dóminum : „Rannsókn málsins dróst þannig mjög úr hófi. Viðleitni lögreglu til að ná til ákærða var stopul og ómarkviss, en eftir að niðurstaða rannsóknar í Noregi lá fyrir var fullt tilefni fyrir lögreglu til að beita úrræðum, sem hún hefur tiltæk með alþjóðasamvinnu, til að finna ákærða og handtaka hann ef þyrfti til að geta lokið rannsókn málsins og senda það ákæruvaldinu til ákvörðunar um ákæru. Að þessu virtu verður ákærða ekki einum kennt um þann verulega drátt, sem varð á rannsókn málsins og er því óhjákvæmilegt með vísan til forsenda hérðadóms að frestu fullnustu 12 mánaða refsivist ákærða skilorðsbundið í 3 ár frá uppsögn þessa dóms.

Hæstiréttur upphaflega staðfesti 15 mánaða dóm héraðsdóms en með tilliti til málshraðareglunnar þá varð dómurinn skilorðsbundinn.<sup>68</sup>

<sup>65</sup> Björg Thorarensen o.fl., Mannréttindasáttmáli Evrópu: Meginreglur, framkvæmd og áhrif á íslenskan rétt (2. útgáfa, Bókaútgáfan Codex 2017). Bls. 219-220.

<sup>66</sup> Þorgeir Ingi Njálsson landsréttardómari. (2021). UM HRAÐA MÁLSMEDFERÐ — MÁLSMEDFERÐ INNAN HÆFILEGS TÍMA. *Tímarit lögfræðinga*. 1. tbl. Bls 536.

<sup>67</sup> Þorgeir Ingi Njálsson landsréttardómari. (2021). UM HRAÐA MÁLSMEDFERÐ — MÁLSMEDFERÐ INNAN HÆFILEGS TÍMA. *Tímarit lögfræðinga*. 1. tbl. Bls 536.

<sup>68</sup> Þorgeir Ingi Njálsson landsréttardómari. (2021). UM HRAÐA MÁLSMEDFERÐ — MÁLSMEDFERÐ INNAN HÆFILEGS TÍMA. *Tímarit lögfræðinga*. 1. tbl. Bls 537.

#### 4.1.3 Er dráttur á málsmeðferð til komin vegna háttsemi stjórnvalds sem hefur haft málið til meðferðar.

Sú skylda er lögð á herðar aðildarríkja MSE að þau sjái til þess að mál sem falla undir gildissvið 1. mgr. 6. gr. MSE verði afgreidd innan hæfilegs tíma. Sökin getur legið hjá löggjafanum ef stjórnkerfið, þ.m.t. dómstólaskipanin, ellegar reglur um meðferð mála fyrir dómstólum eru þannig úr garði gerðar að málsmeðferð taki óhjákvæmilega lengri tíma en hæfilegt getur talist.<sup>69</sup> Samkvæmt þessu hefur Mannréttindadómstóllinn ekki talið það frambærilega skýringu af hálfu aðildarríkis að vísa til þess að málafjöldi sé svo mikill að ekki sé unnt að afgreiða mál á skemmri tíma, sbr. *Zimmerman og Steiner gegn Swiss*. Mannréttindadómstóllinn komst svo að orði í dómnum:

Meðal þeirra ráðstafana, sem koma til greina til bráðabirgða, er að ráða málum í forgangsröð þannig að þau verði ekki afgreidd í tímaröð, heldur fái þau mál forgang, sem mest liggur á og mikilvægust eru, ekki síst ef mikið er í húfi fyrir málsaðila að þau fái skjóta úrlausn. Ef það gerist hins vegar að ástand sem þetta verður viðvarandi og ekki verður úr bætt nema með breytingum á réttarkerfinu sjálfu, koma slíkar ráðstafanir ekki að gagni og aðildarríkið getur þá ekki frestað því lengur að grípa til ráðstafana sem ráða bót á vandanum til lengri tíma lítið.<sup>70</sup>

Í samræmi við þetta hafa eftirlitsstofnanirnar ítrekað komist að þeirri niðurstöðu að aðildarríki sé ábyrgt fyrir óhæfilegum drætti, sem orðið hefur á meðferð máls í dómkerfinu. Eitt af því sem kann að leiða til þess að sakamál teljist hafa dregist óhóflega í skilningi 1. mgr. 6. gr. MSE er að langur tíma hafai liðið án þess að nokkuð hafi verið aðhafst í málinu. Eðli máls samkvæmt á sakborningur ekki að þurfa að knýja á um það að sakamáli gegn honum verði fram haldið. Í máli *Bunkate gegn Hollandi* voru atvik þau að opinbert mál gegn kæranda, sem ákærður hafði verið og fundinn sekur um peningafals hafði verið til meðferðar í 2 ár og 10 mánuði, þegar frá hafði verið dreginn tími þar sem hann hafði dvalið erlendis, utan hollenskrar lögsögu. Mannréttindadómstóllinn taldi að um brot hafi verið að ræða vegna þess að 15 og ½ mánuður leið án þess að nokkuð væri aðhafst í málinu af hálfu yfirvalda.<sup>71</sup>

<sup>69</sup> Björg Thorarensen o.fl., Mannréttinasáttmáli Evrópu: Meginreglur, framkvæmd og áhrif á íslenskan rétt (2. útgáfa, Bókaútgáfan Codex 2017). Bls 220.

<sup>70</sup> Dómur MDE í máli nr. 8737/79 frá 13. júlí 1983, *Zimmerman og Steiner gegn Swiss*, mgr. 29.

<sup>71</sup> Dómur Mannréttindadómstóls Evrópu í máli *Bunkate gegn Hollandi* frá 26. maí 1993, A 248-B, gr. 21-23.

#### 4.1.4 Umfang máls

Fyrst ber að nefna að því var lengi vel hafnað af hérlandum dómstólum að óhæfilegur dráttur hefði orðið á meðferð svokallaðra hrunmála og þar um ótvírætt byggt á því hversu umfangsmikil þau væru. Í þessu samhengi er einnig hægt að vísa til *Hrd. 54/2019* þar sem í ítarlegri umfjöllun um málsmeðferðartíma er sérstaklega tekið fram að rannsókn máls hafi verið umfangsmikil, enda um mörg brot að ræða. Auk fleiri dæma þar sem rökstuðningur liggur fyrir um umfang verður samkvæmt íslenskri dómaframkvæmd ekki séð að umfang máls hafi réttlæt tafir á meðferð þess. Hins vegar liggja fyrir dómsúrlausnir þar sem brot á meginreglunni er meðal annars stutt þeim rökum að ekki hafi komið fram fullnægjandi skýringar á miklum drætti á rannsókn máls þrátt fyrir að fallist hafi verið á að hún hafi verið viðamikil eða að mál hafi ekki verið flókið.<sup>72</sup> Við mat á því hvort mál hefur dregist óhóflega kemur að sjálfsögðu til skoðunar hvort mál er sérstaklega umfangsmikið eða hvort sakarefnið er vandasamt úrlausnar. Þetta tvennt þarf alls ekki að fara saman vegna þess að mál getur verið mjög umfangsmikið án þess að vera vandasamt úrlausnar, t.d. ef ákæruatriði í sakamáli eru mörg eða sakborningar margir, hér má nefna sem dæmi að nýlega var þingfest í héraðsdómi Reykjavíkur þ.e. *mál nr. S-1075/2023* eða í svokölluðu Bankastræti Club máli þar sem sakborningar eru 25 talsins, en fyri séð er að meðferð málsins muni af þeim sökum taka lengri tíma. Einnig ber að nefna ef málskjöl eru mikil að vöxtum eða leiða þarf mörg vitni fyrir dóm. Á sama hátt getur sakarefnið verið þannig að einkar erfitt sé að leysa úr því þótt umfang málsins sé ekki mikið. Þá kann mál að vera þess eðlis að sérþekkingar sé þörf til þess að leggja dóm á það.<sup>73</sup> Aðildarríki getur gengið í þá átt að réttlæta drátt á máli með skírskotum til þess að það hafi verið flókið úrlausnar hins vegar eru takmörk fyrir því hversu langt eins og í máli *Ecke gegn Þýskalandi* sýnir. Þar lét MDE svo um mælt að það stóði ekki að aðildarríkin leiti, að því er þetta atriði varðar, skjóls í ágöllum á eigin réttarkerfi.<sup>74</sup> Í dómum sínum hefur MDE lagt á það áherslu að talsvert mikið þurfi að koma til svo fallast megi á að tafir á meðferð máls verði réttlættar með vísan til þess hversu yfirgripsmikið það er. Og sé á annað borð á það fallist að þannig hátti til um mál þurfi að huga að því hvort þessar ástæður fái réttlætt allan þann drátt sem orðið hefur á málsmeðferð eða hvort

<sup>72</sup> Þorgeir Ingi Njálsson landsréttardómari. (2021). UM HRAÐA MÁLSMEÐFERÐ — MÁLSMEÐFERÐ INNAN HÆFILEGS TÍMA. *Tímarit lögfræðinga*. 1. tbl. Bls. 534.

<sup>73</sup> Björg Thorarensen o.fl., Mannréttindasáttmáli Evrópu: Meginreglur, framkvæmd og áhrif á íslenskan rétt (2. útgáfa, Bókaútgáfan Codex 2017). Bls 219.

<sup>74</sup> Dómur Mannréttindadómstóls Evrópu í máli *Eckle gegn Þýskalandi* frá 15. júlí 1982, mál nr. 8130/78

hann verði að einhverju leyti talinn óréttlæt看legur.<sup>75</sup> Mál *Neumeister gegn Austurríki* snerist um sakamál sem höfðað hafði verið gegn kæranda vegna ætlaðra skattsvika hans á sex ára tímabili. Málið var mjög umfangsmikið og m.a. þess vegna flókið úrlausnar, þ.á.m. voru dómskjöl á annan tug þúsunda blaðsíðna. Málaferlin höfðu staðið í 7 ár og rúma 4 mánuði þegar MDE kvað upp dóm sinn. Niðurstaða meirihlutans fimm dómara af sjö var sú að ekki hafi verið brotið gegn 1. mgr. 6.gr<sup>76</sup>

#### 4.1.5 Hversu mikilvæg er úrlausn máls fyrir þann sem á í hlut

Sum mál eru þess eðlis að það skiptir sköpum eða hefur a.m.k. mjög mikla þýðingu fyrir aðila (og jafnvel aðra) að þau fái skjóta úrlausn. Þetta er án efa eitt af þeim atriðum sem eftirlitsstofnanirnar í Strassborg hafa ekki síst horft til þegar þær hafa metið hvort meðferð máls hafi dregist úr hófi.<sup>77</sup> Þegar kemur að afmörkun á efni meginreglunnar um hraða eða fljótvirka málsmeðferð með tilliti til lögskýringargagna hefur mestu þýðinguna sú áhersla sem þar er lögð á að gera skuli meiri kröfu til að mál gangi hratt fyrir sig ef líklegt þykir að úrlausn máls sé mikilvæg fyrir þann sem í hlut á og síðan sú ályktun að þetta eigi almennt við um sakamál þegar til fangelsis refsingar kann að koma. Viðeigandi er að kalla þetta hagsmunamatsreglu og er tilgangur hennar að meta hvort sakarefni máls sé þess eðlis að gera megi auknar kröfur um fljótvirka meðferð þess.<sup>78</sup>

Enginn vafi er á því að íslenskir dómstólar hafa í samræmi við það sem að framan er rakið lagt á það sérstaka áherslu að meðferðsakamála sé hraðað svo sem frekast er kostur, jafnt á rannsóknarstigi sem á síðari stigum málsmeðferðar. Þá hafa gengið dómar þar sem hert er enn frekar á nauðsyn fljótvirkrar málsmeðferðar við tiltekna aðstæður auk þess sem reglur hafa verið settar og fyrirmæli gefinsem hafa þann sama tilgang. Þar ber fyrst að nefna að sérstaklega mikilvægt er að málsmeðferð sé hraðað í málum þar sem sakborningur sætir þvingunaraðgerðum

<sup>75</sup> Þorgeir Ingi Njálsson landsréttardómari. (2021). UM HRAÐA MÁLSMEÐFERÐ — MÁLSMEÐFERÐ INNAN HÆFILEGS TÍMA. *Tímarit lögfræðinga*. 1. tbl. Bls. 535 – 536.

<sup>76</sup> Dómur Mannréttindadómstóls Evrópu frá 27. júní 1968, A 8, gr. 20-21 ( bls 41-43)

<sup>77</sup> Björg Thorarensen o.fl., Mannréttindasáttmáli Evrópu: Meginreglur, framkvæmd og áhrif á íslenskan rétt (2. útgáfa., Bókauútgáfan Codex 2017) Bls 218.

<sup>78</sup> Þorgeir Ingi Njálsson landsréttardómari. (2021). UM HRAÐA MÁLSMEÐFERÐ — MÁLSMEÐFERÐ INNAN HÆFILEGS TÍMA. *Tímarit lögfræðinga*. 1. tbl. Bls 540.

eða öðrum íþyngjandi aðgerðum sem takmarka frelsi hans eða forræði yfir eignum sínum. Skýrasta dæmið um þetta tekur til þeirrar aðstöðu þegarsakaður maður sætir gæsluvarðhaldi undir rekstri máls, enda mjög brýnt að lögregla, ákærvald og dómstólar láti slík mál hafa forgangvegna þeirrar frelssisskerðingar sem varðhald felur í sér.<sup>79</sup> Almennt séð ber að afgreiða sakamál á skemmri tíma en einkamál. Sérstaklega á það við ef sakborningur situr í gæsluvarðhaldi, enda tekur 3. mgr. 5. gr. MSE þá til málsins auk 1. mgr. 6. gr. MSE. Þá ber einnig að hraða málum þar sem ákærði sættir farbanni<sup>80</sup> en á það reyndi í *Hrd. 18. apríl 2013 í máli nr. 310/2012*.

Ákærði hafði sætt farbanni í þágu rannsóknar málsins, sem hófst 11. apríl 2007 og lauk síðla árs 2009, óslitið frá 13. apríl 2007 til 8. maí 2009, eða í rétt rúm tvö ár. Segir í forsendum Hæstaréttar að „vegna þess hve ákærði sætti frelssisvoptinguí formi farbanns langan tíma var enn brýnni þörf en ella til að meðferð þessa máls yrði hraðað.“<sup>81</sup>

Á grundvelli dómaframkvæmdar MDE hefur með sama hætti mótast hagsmunamatsregla sem reist er á þeim viðviðum sem áður er lýst. Segja má að þýðing hennar fyrir íslenskan rétt sé bundin við einkamál með því að telja verður að réttarframkvæmd hér á landi gangi ef eitthvað er lengra í því að vernda rétt sakaðs manns til málsmeðferar innan hæfilegs tíma en leiðir af dómum MDE. Í lokin skal tekið fram að dómaframkvæmd MDE er skýr um það að sérstaklega beri að hraða meðferð máls ef sakaður maður sætir gæsluvarðahaldi meðan á rekstri þess stendur.<sup>82</sup>

## 4.2 Greining á birtingu reglunnar í dómaframkvæmd

Þorgeir Ingi Njálsson Landsréttardómari skiptir í grein sinni um málshraðaregluna mögulegum afleiðingum af broti á málshraðareglunni í nokkra flokka. Þeir flokkar eru : **Kyrrsetning, Málsmeðferð, Sönnun og Sönnunarmat, Vítur og aðfinnslur, Frávísun máls eða**

<sup>79</sup> Þorgeir Ingi Njálsson landsréttardómari. (2021). UM HRAÐA MÁLSMEÐFERÐ — MÁLSMEÐFERÐ INNAN HÆFILEGS TÍMA. *Tímarit lögfræðinga*. 1. tbl. Bls 540.

<sup>80</sup> Þorgeir Ingi Njálsson landsréttardómari. (2021). UM HRAÐA MÁLSMEÐFERÐ — MÁLSMEÐFERÐ INNAN HÆFILEGS TÍMA. *Tímarit lögfræðinga*. 1. tbl. Bls 542.

<sup>81</sup> Þorgeir Ingi Njálsson landsréttardómari. (2021). UM HRAÐA MÁLSMEÐFERÐ — MÁLSMEÐFERÐ INNAN HÆFILEGS TÍMA. *Tímarit lögfræðinga*. 1. tbl. Bls 543.

<sup>82</sup> Þorgeir Ingi Njálsson landsréttardómari. (2021). UM HRAÐA MÁLSMEÐFERÐ — MÁLSMEÐFERÐ INNAN HÆFILEGS TÍMA. *Tímarit lögfræðinga*. 1. tbl. Bls. 544-545.

**niðurfelling rannsóknar, Ómerking, Niðurfelling máls, Sakarfyrning, Viðurlög og skaðabætur.** Verður nú gerð grein fyrir meginþekkingum í hverjum flokk.

#### **4.2.1 Kyrrsetning**

Í *Hrd. 25. janúar 2012 í máli nr. 682/2011* var þess krafist að felld yrði úr gildi ákvörðun sýslumanns í Reykjavík 29. janúar 2010 um að kyrrsetja tilteknar eignir A. Í forsendum Hæstaréttar sagði m.a. :

Í 3. mgr. 88. gr. laga nr. 88/2008 eru ákvæði um það hvenær kyrrsetning samkvæmt greininni fellur niður. Enda þótt dráttur á rannsókn máls sé ekki meðal þess sem þar er upp talið leiðir af framangreindum ákvæðum stjórnarskrár og laga um að hraða beri málsmeðferð að sakborningur geti átt réttmæta kröfu á því að aflétt sé þeim hömlum sem kyrrsetning leggur á stjórnarskrárvarinn rétt hans til að njóta forræðis yfir eigum sínum ef rannsókn dregst úr hófi. Með vísan til þess sem að framan er rakið verður að telja að dráttur á rannsókn ætlaðra brota varnaraðila sé með þeim hætti að í bága fari við fyrrgreind ákvæði stjórnarskrár og laga. Verður því felld úr gildi ákvörðun sýslumannsins í Reykjavík 29. janúar 2010 um að kyrrsetja fyrrgreindar eigur varnaraðila og ákvörðun 18. maí 2011 um breytingu á fyrri ákvörðuninni.<sup>83</sup>

#### **4.2.2 Málsmeðferð**

Nokkur dæmi eru um beitingu reglunnar um hraða málsmeðferð í úrlausnum dómstóla þar sem ágreiningur hefur risið um atriði sem vörðuðu meðferð máls fyrir héraðsdómi. Í *Hrd. 3. maí 1999* (mál nr. 169/1999) hafði héraðsdómari fallist á kröfu ákæru-valds um að aðalmeðferð, sem ákveðið hafði verið að færi fram 19. apríl 1999, skyldi frestað í þágu frekari gagnaöflunar af þess hálfu til 21. maí sama ár. Hafði krafa þessi verið studd þeim rökum að dómur Hæstaréttar 18. mars 1999, þar sem til álita komu áhrif leysiefna í útöndunarlofti ökumanns á vinnandamælingar með tæki, sem notað var til þess að mæla vinnandamagn í lofti, hafi verið slíkt tilefni til frekari gagnaöflunar að dómara hafi verið rétt að fresta aðalmeðferð. Þessu hafnaði Hæstiréttur með eftirfarandi röksemdum:

„Að virtum þeim gögnum, sem varnaraðili hefur lagt fram, og hann hyggst reisa varnir sínar á, hefur ekki verið skýrt hvernig nefndur dómur Hæstaréttar geti skipt

<sup>83</sup> Þorgeir Ingi Njálsson landsréttardómari. (2021). UM HRADA MÁLSMEDFERÐ — MÁLSMEDFERÐ INNAN HÆFILEGS TÍMA. *Tímarit lögfræðinga*. 1. tbl. Bls. 549.



slíku máli fyrir þau atvik, sem hér um ræðir, að réttlætt hafi frestun aðalmeðferðar, er þá hafði verið ákveðin án athugasemda af hálfu sóknaraðila. Að virtum gangi málsins í héraði er ljóst að meðferð þess dróst umfram það, sem telja verður að aðilum hafi verið nauðsynlegt til þessað taka afstöðu til málatilbúnaðar hvors annars og frekari gagnaöflunar. Samkvæmt framansögðu verður hinn kærði úrskurður felldur úr gildi og lagt fyrir héraðsdómara að taka málið til aðalmeðferðar.“<sup>84</sup>

### 4.2.3 Sönnun og sönnunarmat

Minnið getur verið stopult og með tíð og tíma vill ýmislegt gleymast sem áður var mönnum í fersku minni. Um þá aðstöðu, þegar verulegur dráttur verður á rekstri máls fram að aðalmeðferð þess fyrir dómi og vitni sem gefa skýrslu fyrir héraðsdómi eiga fyrir vikið erfitt með að rifja upp það sem gerðist. Í dómi Hrd. 29. október 2015 í máli nr. 831/2014 var stopult minni vitnis áhrifavaldur í málinu :

X var sakfelld í héraði fyrir rangar sakargiftir með því að hafa gefið rangan framburð hjá lögreglu í Danmörku um að A hefði gert tilraun til að þvinga hana til kynferðismaka. X neitaði sök. Snerist sönnunarfærsla í málinu aðallega um það hvort X hefði við skýrslugjöf hjá lögreglu í Danmörku játaðað hafa borið A röngum sökum. Var það niðurstaða héraðsdóms að svo hefði verið og þar um meðal annars stuðst við framburð vitnis, B, sem var viðstatt skýrslutökuna sem túlkur. Hæstiréttur taldi brot X ósannað og sýknaði hana. Um rök fyrir þeirri niðurstöðu var meðal annars vísað til þess að B hefði í upphafi skýrslu sinnar fyrir dómi skýrt svo frá að hún myndi mjög óljóstefir atvikum en ríflega þrjú ár voru þá liðin frá þeirri háttsemi sem X var gefin að sök. Yrði ákærvaldið að bera hallann af þessu en verulegur dráttur hefði orðið af hálfu þess á útgáfu ákæru.<sup>85</sup>

### 4.2.4 Vítur og aðfinnslur

Þetta skilgreinist best á þann hátt að tafir hafi orðið á rekstri sakamáls og þær tafir taldar fela í sér brot á meginreglunni um hraða málsmeðferð. Viðbrögð Hæstiréttar hafa aðeins verið vítur eða aðfinnslur á störf rannsóknarlögreglu, ákærvalds eða þá héraðsdóms. Í Lrd. 19. mars 2021 í

<sup>84</sup> Þorgeir Ingi Njálsson landsréttardómari. (2021). UM HRAÐA MÁLSMEDFERÐ — MÁLSMEDFERÐ INNAN HÆFILEGS TÍMA. *Tímarit lögfræðinga*. 1. tbl. Bls. 550.

<sup>85</sup> Þorgeir Ingi Njálsson landsréttardómari. (2021). UM HRAÐA MÁLSMEDFERÐ — MÁLSMEDFERÐ INNAN HÆFILEGS TÍMA. *Tímarit lögfræðinga*. 1. tbl. Bls. 552.

máli nr 779/2019 hafði það mál verið þingfest í héraði 2. nóvember 2017 en dómur kveðinn upp 16. október 2019. Í einhverjum tilvikum er skýringin á þessu sú að þrátt fyrir tafirnar hafa ekki verið efni til að hrófla við refsingu samkvæmt héraðsdómi eða ekkert svigrúm verið til þess.<sup>86</sup>

#### 4.2.5 Frávísun máls eða niðurfelling rannsóknar

Á það hefur reynt fyrir dómi hvort óhæfilegur dráttur á rekstri sakamáls geti leitt til þess annars vegar að rannsókn þess skuli hætt og að þar með komi ekki til saksóknar og hins vegar að máli sem höfðað hefur verið með útgáfu ákæru verði vísað frá dómi.<sup>87</sup>

#### 4.2.6 Ómerking

Í *Hrd. 8. júní 2006 í máli nr. 28/2006* kemur fram :

Fyrir þeirri niðurstöðu sinni að ómerkja dóminn og meðferð málsins í héraði frá og með aðalmeðferð þess færði Hæstiréttur þessi rök : „Þegar dómur var kveðinn upp í máli þessu 8. desember 2005 voru tíu mánuðir liðnir frá skýrslutökum og málflytningi, og var málið sem fyrr segir endurupptekið um mánuði fyrir dómsuppsögu án þess þó að skýrslutökur og raunverulegur endurflytningur hafi farið fram. Eins og hér stóð á verður að telja að skýrslutökur og munnlegur málflytningur hafi ekki komið að því gagni sem til er ætlast.“<sup>88</sup>

#### 4.2.7 Niðurfelling

Dómur *Hæstaréttar frá 13. október 2016 í máli nr. 207/2015* lýsir niðurfellingu máls afar vel og hvernig reglan um hraða málsmeðferð verkar í niðurfellingu. Hafði ákærði með dómi héraðsdóms verið sýknaður af ákæru og var dómnum áfrýjað af hálfu ákæruvalds.

Ætlað brot ákærða á að hafa verið framið 25. apríl 2005. Lögregluskýrsla fyrst tekin af ákærða 21. janúar 2011. Engin skýring er fram komin á því hvers vegna ákæra var ekki gefin út fyrr en 28. október 2013. Mál þetta dróst jafnframt úr hömlu hjá ákæruvaldinu eftir að héraðsdómur var kveðinn upp 18. febrúar 2015. Þegar málsgögn loks bárust Hæstarétti frá ákæruvaldi voru liðin meira en ellefu ár frá ætluðu broti, átta ár frá upphafi rannsóknar og rúmur sautján mánuðir frá áfrýjunarstefnu ríkissaksóknara. Greinagerð barst Hæstarétti ekki eftir nokkra

<sup>86</sup> Þorgeir Ingi Njálsson landsréttardómari. (2021). UM HRAÐA MÁLSMEÐFERÐ — MÁLSMEÐFERÐ INNAN HÆFILEGS TÍMA. *Tímarit lögfræðinga*. 1. tbl. Bls. 553.

<sup>87</sup> Þorgeir Ingi Njálsson landsréttardómari. (2021). UM HRAÐA MÁLSMEÐFERÐ — MÁLSMEÐFERÐ INNAN HÆFILEGS TÍMA. *Tímarit lögfræðinga*. 1. tbl. Bls 553

<sup>88</sup> Þorgeir Ingi Njálsson landsréttardómari. (2021). UM HRAÐA MÁLSMEÐFERÐ — MÁLSMEÐFERÐ INNAN HÆFILEGS TÍMA. *Tímarit lögfræðinga*. 1. tbl. Bls 556.

fresti og án réttlættingar frá ákærvaldinu. Samkvæmt þessu verður fallist á kröfu ákæra um að málið verði fellt niður fyrir Hæstarétti.<sup>89</sup>

#### 4.2.8 Sakarfyrning

Dráttur á meðferð sakamáls getur leitt til sakarfyrningar og þar með sýknu sakbornings af refsikröfu,<sup>90</sup> sbr. *dóm héraðsdóms frá 9. mars. 2023 í máli nr. E-1116/2022*. Í því máli var rannsókn lögreglu svo hæg að það kom aldrei til þess að hann yrði ákærður þar sem sakarfyrning varð áður en rannsókn lauk.

Stefnandi A lagði fram kæru hjá lögreglustjóranum á höfuðborgarsvæðinu 27. júní 2018 á hendur afa sínum vegnakynferðislegrar áreitni sem A hefði sætt af hálfu afa síns um árabil. Sama dag var tekin skýrsla af A hjá lögreglu. Stefnandi lýsti fyrir lögreglu tveimur tilvikum þar kærði á að hafa upphaflega brotið á henni það þegar hún var fimm ára og alveg þar til hún var um tvítugt. A lagði fram miskabótakröfu á hendur kærða hjá LRH þann 16. ágúst 2018. Þá lá fyrir að afi A hafði verið sakfelldur af héraðsdómi fyrir sambærilegt brot gegn öðru barnabarni sínu. Þegar stefnandi lagði fram kæru sína var hluti ætlaðra brota fyrndur. Restin af brotunum fyrndust meðan á rannsókn lögreglu stóð, þar sem ekki var tekin skýrsla af kærða þar sem honum var kynnt sakarefnið. Stefnandi krafði íslenska ríkið um 3.300.000 milljónir króna en 2.000.000 til vara og til þrautarvara að íslenska ríkið greiddi miskabætur að álitum dómsins. Háttsemin sem stefnandi lýsti telst falla undir verknaðarlýsingumanns vegar 2. mgr. 202. gr. og hins vegar 2. mgr. 200. gr. almennra hegningarlaga, eftir aldri stefnanda á verknaðarstundu. Þau brot sem talin eru hafa átt sér stað þegar hún vará sextánda ári eru felld undir 2. mgr. 200. gr. og voru því ófyrnd þegar kæran kom fram. Rannsókn málsins var hætt á þeim grundvelli að sá hluti sakarefnis sem var ennþá virkur fyrndist þar sem ekki var tekinn skýrsla af kærða og honum kynnt sakarefnið. Drátturá rannsókn málsins leiddi til þess að ekki gat til þess komið að sakarefnið og bótakrafastefnanda, sem stóð í nánnum tengslum við sakarefnið, kæmi til úrlausnar fyrir dómstóli. Þar sem brotapolum hefur verið búið það réttarfarshagræði að geta fengið úrlausn um einkaréttarlega kröfu á hendur sakborningi vegna refsiverðrar háttsemi í sakamáli verðurbrotapoli ekki talinn njóta lakari réttarverndar að þessu leyti en ef hann hefði sótt kröfuna í einkamáli. Af framangreindu leiðir að dráttur á rannsókn sakamálsins fól í sér brot á þeirri réttarvernd sem stefnanda bar að njóta samkvæmt meginreglu ákvæðis 1. mgr. 70. gr. stjórnarskrárinnar og 1. mgr. 6. gr. MSE. Miski stefnanda vegna hinnar bótaskyldu háttsemi sem stefndi ber ábyrgð á felst í því að hún varð af þeirri réttarvernd sem stefnda ber að tryggja

<sup>89</sup> Þorgeir Ingi Njálsson landsréttardómari. (2021). UM HRADA MÁLSMEDFERÐ — MÁLSMEDFERÐ INNAN HÆFILEGS TÍMA. *Tímarit lögfræðinga*. 1. tbl. Bls. 556-558.

<sup>90</sup> Þorgeir Ingi Njálsson landsréttardómari. (2021). UM HRADA MÁLSMEDFERÐ — MÁLSMEDFERÐ INNAN HÆFILEGS TÍMA. *Tímarit lögfræðinga*. 1. tbl. Bls. 558.

þeim sem telja sig hafaorðið fyrir refsiverðu afbroti. Leiddi það til þess að kæra hennar og bótakrafa hlaut aldrei efnislega meðferð og væntingar um að afa hennar yrði gert að svara fyrir brot sín urðu að engu. Við ákvörðun fjárhæðar miskabóta er til þess að líta hvaða áhrif hin bótaskyldumistök hafa haft á líf og líðan stefnanda. Dómurinn metur framburð stefnanda fyrir dómium þær þjáningar sem hún upplifði í kjölfar þess að rannsókn lögreglu var hætt vegna fyrningar brotanna trúverðugan. Héraðsdómur komst að þeirri niðurstöðu að athafnaleysi rannsakenda hafi falið í sér brot gegn 2. mgr. 53. gr. sml. og brot gegn reglunni um réttláta málsmeðferð, sem kveðið sé á um í 1. mgr. 70. gr. stjkskr. og 1. mgr. 6. gr. MSE. Niðurstaða héraðsdóms var að íslenska ríkið var dæmt til að greiða stefnanda með vísan til b-liðar 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 að 1, 4 milljón króna í miskabætur.

#### 4.2.9 Viðurlög

Almennt er það svo að þegar óréttlætanager tafir verða hjá ríkisstarfsmanni við afgreiðslu máls sem honum hefur verið falið að leysa úr er um brot á starfsskyldum hans að ræða sem varðað geta áminningu eða brottvikningu ef sakir eru miklar eða um ítrekuð brot að ræða. Slíkt brot getur einnig varðað refsingu samkvæmt 141. gr. almenntahegningarlaga nr. 19/1940.<sup>91</sup>

#### 4.2.10 Skaðabætur

Sé meginreglan um hraða málsmeðferð ekki virt getur hæglega komið til bótaábyrgðar af hálfu íslenska ríkisins. Hingað til hefur ekki verið fallist á skaðabótakröfu á áfrýjunardómstigi þar sem krafa sakaðs manns um bætur fyrir fjártjón vegna dráttar á meðferð máls sé samþykkt.<sup>92</sup> Í 228. gr. sml. er mælt fyrir um víðtækan rétt til bóta handa þeim sem orðið hafa fyrir tjóni af völdum aðgerða í þágu rannsóknar eða meðferðar sakamáls. Tvö skilyrði eru sett til að grundvalla bótarétt. Fyrri skilyrðið er að bótaréttur sakbornings stofnast ef mál hans hefur verið fellt niður eða hann verið sýknaður með endanlegum dómi án þess að það hafi verið gert vegna þess að hann var talinn ósakhæfur, sbr. 1. mgr. 228. gr. sml. Seinna skilyrðið er í 2. mgr. 228. gr. en þá verður hið bótaskylda tjón að vera rakið til einhverra af þeim aðgerðum sem lögreglu er heimilt að grípa til á grunvelli ákvæða IX – XIV kafla sml. Í *Lrd. í máli nr. 808/2018* var fallist á skyldu íslenska ríkisins til greiðslu miskabóta:

<sup>91</sup> Páll Hreinsson. Stjórnsýsluréttur – málsmeðferð. Reykjavík 2013. Bls. 468.

<sup>92</sup> Þorgeir Ingi Njálsson. UM HRAÐA MÁLSMEÐFERÐ — MÁLSMEÐFERÐ INNAN HÆFILEGS TÍMA. Bls. 559.

vegna þess að málsmeðferð: „hafi dregist svo úr hömlu að telja verður hana fara gegn 1. mgr. 70. gr. stj. sbr., 1. mgr. 6. gr. MSE sbr. lög nr. 62/1994 og 2. mgr. 53. gr. laga nr. 88/2008 og að í ljósi máls atvika felist í því brot gegn friði gagnáfrýjanda og æru“.<sup>93</sup>

### 4.3 Ákvörðun refsingar með tilliti til málshraðareglunnar.

Refsiákvörðun horfir til fjögurra atriða sem eru í fyrsta lagi val milli refsinga og annarra viðurlaga, í öðru lagi hvort beita skuli fésekt eða fangelsi, í þriðja lagi hvort til álita komi að skilorðsbinda refsingu að hluta eða að öllu leyti og loks í fjórða lagi hver eigi að vera þyngd refsingar innan lagalegra refsimarka.<sup>94</sup> Mikilvægt að taka fram að refsíákvörðun með tilliti til málshraða er bundin við refsilækkun eða skilorðsbindingu, algengt er þó að þetta fari saman.<sup>95</sup> Hæstiréttur fjallaði í fyrsta skipti með heildstæðum hætti um atriði sem horfa ber til við hvort brotið hafi verið gegn rétti ákærðs manns til málsmeðferðar og hvort þær tafir skildu hafa áhrif við ákvörðun refsingar viðkomandi með *Hrd. 16. júní 2021 í máli nr. 12/2021*. Þegar seinni ástæðan er metin af Hæstarétti var horft til þessara atriða :

Við þetta mat verður annars vegar að meta í heild hvort málsmeðferðartíminn frá upphafi rannsóknar telst úr hófi langur og hins vegar hvort óafsakanlegar tafir hafa orðið á málsmeðferð á einstaka stigum hennar. Hefur í þeim efnum verið litið til umfangs lögreglurannsóknar, jafnframt hvort lögregla láti hjá líða að grípa til nauðsynlegra úrræða til að ljúka rannsókn máls. Þá er sérstaklega brýnt að meðferð og rannsókn sé hraðað eins og kostur er ef sakborningur sætir gæsluvarðhaldi. Hæstiréttur leit til tafa á rannsókn við ákvörðun refsingar ákærðu, en engu að síður þá sættu ákærðu sem voru þrír ekki gæsluvarðhaldi né farbanni á rannsóknartímanum. Með tilliti til alvarleika brota ákærðu gagnvart barni og þeirrar refsingar sem lá við háttsemi skv. 1. mgr. 194. gr. almennra hegningarlaga var refsing þeirra hvors um sig ákveðin fangelsi í þrjú ár og sex mánuðir. Landsréttur hafði dæmt þá í tvö ár en héraðsdómur í þrjú ár.<sup>96</sup>

Í einu af svokölluðu hrunmálunum var skilorðsbundin að fullu 5 ára fangelsisrefsing fyrir umboðssvik eins af þremur sakborningum með *Lrd. 26. júní 2020 í máli nr. 140/2018*.<sup>97</sup>

<sup>93</sup> Þorgeir Ingi Njálsson. UM HRAÐA MÁLSMEÐFERÐ — MÁLSMEÐFERÐ INNAN HÆFILEGS TÍMA. Bls. 560.

<sup>94</sup> Jónatan Þórmundsson. Viðurlög við afbrotum. Reykjavík 1992. Bls. 244.

<sup>95</sup> Þorgeir Ingi Njálsson. UM HRAÐA MÁLSMEÐFERÐ — MÁLSMEÐFERÐ INNAN HÆFILEGS TÍMA. Bls. 564.

<sup>96</sup> Þorgeir Ingi Njálsson. UM HRAÐA MÁLSMEÐFERÐ — MÁLSMEÐFERÐ INNAN HÆFILEGS TÍMA. Bls. 565.

<sup>97</sup> Þorgeir Ingi Njálsson. UM HRAÐA MÁLSMEÐFERÐ — MÁLSMEÐFERÐ INNAN HÆFILEGS TÍMA. Bls. 567.

Landsréttur sneri óskilorðsbundinni refsingu sakborninganna þriggja í skilorðsdóm. Ástæða breytinganna á refsingu hina ákærðu var á grundvelli gífurlegs dráttar á meðferð málsins og þar að auki hafði talsverður tími liðið frá því að brotin voru framin og þar til kæra var lögð fram. Í dómnum segir:

Mál þetta hefur dregist mjög úr hömlu. Næstum 13 ár eru síðan brotið samkvæmt I.kafla ákæru var framið og um 12 ár síðan brotin samkvæmt III. kafla ákæru voruframin. Rúmur áratugur er síðan Fjármálaeftirlitið kærði háttsemina og rúm fjögur árliðu milli kæru og útgáfu ákæru. Málið hefur síðan verið til meðferðar í dómsskerfinu í rúm sex ár. Þrátt fyrir að ákærðu hafi vissulega átt þátt í því að málið tók tíma, svo sem með ítrekuðum kröfum um úrskurði héraðsdóms og kærum til Hæstaréttar, er ekki unnt að láta þá gjalda þess að hafa neytt réttarræða sinna eða kenna þeim á annan hátt um þann mikla drátt sem orðið hefur. Þannig er til að mynda ljóst að hinendurtekna málsmeðferð í héraði, sem kom til vegna vanhæfis dómara, tók ein og sértvö ár, auk þess sem víða hafa orðið óútskýrðar tafir á rannsókn og meðferð málsinshjá lögreglu og fyrir dómi. Þrátt fyrir alvarleika háttseminnar og þyngd framangreindra refsinga er í ljósi hinna miklu tafa sem orðið hafa á málinu óhjákvæmilegt að binda refsingu allra ákærðu skilorði svo sem í dómsorði greinir.<sup>98</sup>

Í *Lrd. frá 16. nóvember 2018 í máli nr. 165/2018* var 18 mánaða fangelsisrefsing fyrir kynferðisbrot skilorðsbundin í heild. Ástæða þess liggur í því að 27 mánuðir liðu frá því að kært var þangað til ákæra var gefinn út. Höfðu þá 20 mánuðir liðið frá lokum rannsóknar og engar skýringar gefnar á þessum drætti á rekstri málsins. Ákærði var ungur að árum þegar brotið átti sér stað og aldrei áður verið fundinn sekur um refsiverða háttsemi og var því fullnustu refsingar hans frestað skilorðsbundið að öllu leyti.<sup>99</sup>

## **5. Tölfræðiupplýsingar um meðferð sakamála.**

Í inngangi ársskýrslu dómstólasýslunnar fyrir árið 2021 segir að dómstólasýslan hafi árið 2021 tekið til sérstakar skoðunar málsmeðferðartíma á héraðsdómsstiginu. Settur var saman vinnuhópur hjá dómstólasýslunni til að leggja mát á þá þætti sem mest hefðu áhrif á málshraðann

<sup>98</sup> Þorgeir Ingi Njálsson. UM HRAÐA MÁLSMEÐFERÐ — MÁLSMEÐFERÐ INNAN HÆFILEGS TÍMA. Bls. 567.

<sup>99</sup> Þorgeir Ingi Njálsson. UM HRAÐA MÁLSMEÐFERÐ — MÁLSMEÐFERÐ INNAN HÆFILEGS TÍMA. Bls. 568.

og út frá því kannað hvaða leiðir væru áhrifaríkastar til að stytta málsmeðferðartímann. Að sjálfsögðu hafði kórónuveiran áhrif í dómskerfinu árið 2021 og birtist það aðallega í fækkun innkominna mála hjá héraðsdómstólum en óverulegar breytingar urðu á málshraða frá því sem verið hafði, bæði í einka og sakamálum. Fleiri saka og einkamálum var áfrýjað en árinu áður til Landsréttar og Hæstaréttar. Afgreiðslutími áfrýjunarmála hjá Landsrétti í áfrýjunarmálum lengdist nokkuð en styttist hins vegar í kærumálum. Eins og árin á undan var rétturinn ekki fullmannaður. Hjá Hæstarétti urðu óverulegar breytingar á málsmeðferðartíma í áfrýjuðum einkamálum. Hins vegar styttist málsmeðferðartíminn í sakamálum, einkum í kærumálum. Hæstiréttur dæmdi í 55 málum árið 2021 þar af voru 38 áfrýjuð einka- og sakamál og 17 kærð einka- og sakamál. Meðalmálsferðartími í Hæstarétti í áfrýjuðum sakamálum var frá því að útgefin áfrýjunarstefna barst réttinum frá ríkissaksóknara fram að lyktum 164 dagar árið 2021 samanborið við 173 daga árið 2020. Landsrétti bárust 805 ný mál árið 2021. Af þeim voru 273 áfrýjuð einkamál og 120 áfrýjuð sakamál. Kærð einkamál voru 224. Þetta er fjölgun milli ára en til samanburðar bárust Landsrétti 754 ný mál árið 2020. Meðalmálsmeðferðartími í Landsrétti í áfrýjuðum sakamálum frá því að ríkissaksóknari sendir Landsrétti málgögn fram að lyktum málsins 254 dagar árið 2021. Alls bárust 10.739 mál til héraðsdómstólanna árið 2021 samanborið við 14.653 árið 2020. Ákærúmál voru alls 1427 til meðferðar héraðsdómstólanna árið 2021. Í heildina lauk 1538 árið 2021 og 481 máli var ólokið um áramót. Málsmeðferðartími ákærúmála hjá héraðsdómstólum, frá þingfestingu máls fram að lyktum þess, var að meðaltali 139 dagar á árinu 2021 en til samanburðar var málsmeðferðartími að meðaltali 112 dagar á árinu 2020.<sup>100</sup>

Sérstök áhersla stjórnvalda hefur verið að bregðast við málsmeðferðartíma i kynferðisbrotum eins og fjallað er um hér að neðan.

## 5.2 Skýrsla Ríkissaksóknara um rannsókn á kynferðisbrotum

Til þess að hraða málsmeðferðartíma í brotum er varða kynferðisbrot var myndaður starfshópur af ríkissaksóknara sem gaf út skýrslu um stöðuna í málaflokknum í ágúst 2022. Í skýrslunni eru

<sup>100</sup>Dómstólasýslan – Ársskýrsla 2021. [Ársskýrsla 2021 á vef.pdf \(domstolar.is\)](#)

settar fram tillögur til þess að stytta málsmeðferðartímann og stuðla að bættri málsmeðferð í málaflokknum.<sup>101</sup>

Ríkissaksóknari gaf út árið 2017 fyrirmæli RS : 4/2017 á grundvelli málshraðareglunnar sbr. 1. mgr. 70. gr. stjkskr. og 6. gr. MSE, sbr. lög nr. 62/1994. Í fyrirmælunum kemur fram að vægi málshraðareglunnar sé sífellt að aukast eins og fjölmærg dómfordæmi sýna. Markmið ákvæða um eðlilegan málshraða séu til þess fallin að bæta réttarstöðu sakborninga og brotþola auk þess að styrkja réttaröryggi borgaranna. Brot á ákvæðum sem tryggja eðlilegan málshraða kemur fram í ávítum á ákærvaldið, mildun refsinga sakborninga og jafnvel niðurfellinga mála fyrir Hæstarétti. Er slíkt ekki ásættanlegt. Einnig kemur fram að hraða skal málum þar sem sakarefni tekur til líkamlegs og kynferðislegs ofbeldis. Rannsókn fjármuna og efnahagsbrota er annars eðlis en rannsókn ofbeldis og kynferðisbrota en sönnunargögn liggja þar mun meira skriflega fyrir en í hinum fyrrnefndu málaflokkum. Að lokum er minnst á að ráðstafanir til að stytta meðferðartíma mega aldrei vera á kostnað gæða og réttaröryggis.<sup>102</sup> Frá 2016 til 2021 hefur málsmeðferðartími lengst um 77% í nauðgunarmálum, þ.e. málum sem lauk árið 2021 voru að jafnaði 180 dögum lengur til meðferðar hjá lögreglu og ákærendum en málum sem lauk árið 2016.<sup>103</sup>

Í skýrslu starfshópsins kemur fram að hann leitaðist við að notast við aðferðir sem gætu gefið sem besta yfirsýn til að mæla málsmeðferðartíma kynferðisbrota og til að greina hvað einkennir mál sem hafa langan málsmeðferðartíma. Rýnt var í meðferðartíma mála með annars vegar rýni á úrtaki mála, og hins vegar með tölfræðilegri úttekt. Eftir að hafa rýnt í málin í lögreglakerfinu var niðurstaðan sú að ýmsar ástæður kunna að liggja að baki löngum málsmeðferðartíma. Þau mál sem höfðu lengstan málsmeðferðartíma höfðu verið endurupptekinn og voru því ekki í virkri málsmeðferð allan tímann. Málin sem höfðu langan málsmeðferðartíma höfðu það sameiginlega einkenni að hafa legið lengi óhreyfð í kerfinu af ástæðum sem voru í óútskýrðar í lögreglakerfinu. Ástæðurnar voru hins vegar gefnar upp í viðtölum við starfsfólk í rannsóknardeild lögreglunnar sem og af gefinni reynslu þeirra sem starfshópin skipuðu.

<sup>101</sup>[Microsoft Word - Skýrslan - lokadrög \(rikissaksoknari.is\)](#) - Skýrsla starfshóps Ríkissaksóknara um málsmeðferðartíma kynferðisbrota frá ágúst 2022.

<sup>102</sup> Fyrirmæli ríkissaksóknara 25. janúar 2017 RS: 4/2017 (Málsmeðferðartími)

<sup>103</sup> [Microsoft Word - Skýrslan - lokadrög \(rikissaksoknari.is\)](#) - - Skýrsla starfshóps Ríkissaksóknara um málsmeðferðartíma kynferðisbrota frá ágúst 2022.



Ástæðurnar sem starfsfólkið gaf í viðtölunum var að fjölga þyrfti starfsfólki sem og breyta þyrfti verklagi þegar mál voru send á milli deilda. Tvær fyrrnefndar ástæður voru taldar lengja málsmeðferðartímann hvað mest.<sup>104</sup>

Starfshópurinn fór yfir ýmis atriði á fundum sínum hvernig hægt væri að stytta málsmeðferð og bæta yfirsýn með öðrum hætti en bættu eða breyttu verklagi. Einróma niðurstaða var hversu flókið lögreglukerfið reyndist vera við vinnslu á tölfræðilegri úttekt og þegar kalla þurfti fram heildartölur um málsmeðferð lögreglu og ákærvalds. Ástæða þess mun m.a. vera að kerfum lögreglu er skipt upp í tvennt, þá annars vegar lögregluhluta og hins vegar ákærvaldshluta. Þegar kalla þurfti upplýsingar fram úr báðum hlutum kerfisins kom í ljós að þeir væru ekki samrýmanlegir að öllu leyti. Annar vandi sem starfshópurinn ræddi var mikil fjöldi skýrslutaka fyrir dómi af börnum í Barnahúsi skv. a lið 1. mgr. 59. gr. sml. og sú þunga málsmeðferð í tengslum við þær, sem tekur afar mikinn tíma af ákærendum og rannsóknarlögreglumönnum hjá lögreglustjóranum. Tillaga hópsins var að lagabreytinga væri þörf þannig að skýrslur af börnum í Barnahúsi verði ekki lengur teknar á dómþingi heldur af lögreglu.<sup>105</sup>

### 5.3 Framfarir við rannsókn kynferðisbrota

Þann 16. febrúar 2023 tilkynnti Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu (LRH) um miklar framfarir sem orðið hafa í rannsókn kynferðisbrota með breyttum vinnubrögðum. Náðst hefur að vinna á uppsöfnuðum málafjölda kynferðisbrota með auknu fjármagni og fjölgun starfsfólks sem hraðar vinnslu kynferðisbrota hjá LRH. Hjá kynferðisbrotadeild LRH og á ákærusviði hefur opnum kynferðisbrotamálum fækkað um 37% á undarförnum mánuðum eftir að embættið hlaut fjárveitingu til þess að stuðla að öflugri rannsókn og saksókn kynferðisbrota. Þann 1. september 2022 voru 401 opin mál hjá embættinu en 17. janúar 2023 voru málin komin niður í 253 sem nemur fækkun um 148. Þar að auki bárust fjöldi nýrra mála á umræddu tímabili. Rannsókn lauk á um 239 kynferðisbrotum í heildina á tímabilinu sem spannar fjóran og hálfan mánuð. Hraðari

<sup>104</sup> [Microsoft Word - Skýrslan - lokadrög \(rikissaksoknari.is\)](#) - - Skýrsla starfshóps Ríkissaksóknara um málsmeðferðartíma kynferðisbrota frá ágúst 2022.

<sup>105</sup> [Microsoft Word - Skýrslan - lokadrög \(rikissaksoknari.is\)](#) - - Skýrsla starfshóps Ríkissaksóknara um málsmeðferðartíma kynferðisbrota frá ágúst 2022.

meðferð kynferðisbrota felst í ýmsum aðgerðum embættisins. Til þess að auka málshraða við rannsókn brota voru verkferlar endurskoðaðir. Aukin og bætt samvinna tölvurannsóknardeildar og kynferðisbrotadeildar hefur leitt til styttri rannsóknartíma rafrænna gagna sem tengjast brotunum. Stoðþjónusta frá þjónustudeild embættisins hefur einnig styrkst. Annað mikilvægt framfaraskref felst í stjórnborði þar sem fylgst er með fjölda mála og framvindu þeirra hjá ákærusviði og kynferðisbrotadeild. Neikvæð áhrif brotþola á þau mál sem því miður hafa verið of lengi í afgreiðslu í kerfinu verði nú flýtt eins og kostur er. Lögreglustjóri höfuðborgarsvæðisins Halla Bergþóra Björnsdóttir lýsir yfir mikilli ánægju með þennan góða árangur sem náðst hefur á skömmum tíma. Hún segir einnig að haldið verði áfram að leita leiða til að stytta málsmeðferðartíma kynferðisbrota á sama tíma og gæði við rannsóknir verði tryggðar. Markmiðið hefur verið að bæta enn frekar þjónustu lögreglu í þessum mikilvæga málaflokki. Árangurinn er mældur jafnóðum sem hjálpar rannsakendum að fylgjast með því ef flöskuhálsar eru að myndast.<sup>106</sup>


Líklega hefur skýrsla starfshóps ríkissaksóknara sem fjallað var um hér að ofan náð að framkalla hraðari málsmeðferð á rannsóknarstigi kynferðisbrota. Áhrif þess geta komið til með að fækka brotum á reglunni um hraða málsmeðferð í dómaframkvæmd kynferðisbrota. Fækkun brota á reglunni mun leiða til þess að minna verður um mildaðar refsingar sem eykur traust almennings til dómstóla og á réttarkerfið í heild. Dómar sem hafa verið reifaðir fyrir kynferðisbrot hér að ofan sýna ein helsta ástæða mildaðar refsingar er einmitt brot á málshraðareglunni hjá rannsóknardeild lögreglu eða hjá ákæruvaldi.

## 5.4 Samtal við starfandi lögreglumana

Höfundur kom sér í samskipti við starfandi lögreglumann hjá LRH. Lögreglumaðurinn starfar sem almennur lögreglumaður og er annars árs nemi í lögreglufræði hjá Háskólanum á Akureyri. Eftir að hafa leitað álits um hvað betur mætti fara til að flýta fyrir rannsókn kom ýmislegt áhugavert í ljós. Slæm nýting mannafla lögreglunnar er eitt dæmi. Hinn almenni lögreglumaður er yfirleitt fyrstur á vettvang alvarlegra hegningarlagabrota líkt og nauðgunar sbr. 1. mgr. 194 gr.

---

<sup>106</sup> Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu. [Aukið fjármaðgn og fjölgun starfsfólks hraðar vinnslu kynferðisbrota hjá LRH | Lögreglan \(logreglan.is\)](#)



almennra hegningarlaga nr. 19/1940 og sér um að gera skýrslu sem skráð er inn í málakerfið LOKE. Í náminu læra þau inngang inn í starf rannsóknarlögreglumanns og þess vegna er kjörið að byggja ofan á þennan grunn með þjálfun þegar lögregluneminn hefur hafið störf hjá lögreglunni. Sú skráning er síðan notað af þeim sem rannsaka málið á hefðbundnum skrifstofutíma yfirleitt.

Almennir lögreglumenn starfa á sólarhringsvöktum eða morgun, kvöld og næturvöktum. Vaktirnar eru mismunandi stundum eru þau úti allan daginn í verkefnum en alls ekki alla daga. Telur höfundur að starfsfólk lögreglunnar væri hægt að nýta betur. Í staðinn fyrir að skófla skattpeningum í meira starfsfólk í rannsókn þá ætti að þjálfa hin almenna lögreglumann til þess að vinna að rannsókn mála þegar lítið er að gerast. Þetta gæti flýtt fyrir rannsókn og þar af leiðandi takmarkað brot á reglunni um hraða málsmeðferð ef rétt væri að þessu staðið. Reyndir rannsóknarlögreglumenn tæku að sér flóknari mál á meðan þeir leiðbeindu almennum lögreglumönnum áfram í málum með einfaldari úrlausn. Höfundur geri sér fulla grein fyrir því að þetta væri eflaust erfitt í framkvæmd en það er líka bagalegt að horfa upp á vinnubrögð sem brjóta reglulega regluna um hraða málsmeðferð?

Þau svör sem ég fékk frá lögreglunemanum voru bundinn trúnaði og þess vegna heldur höfundur trúnaði.

## Samantekt

Þessi ritgerð hefur grúskað á almennan hátt í þeirri mikilvægu meginreglu í réttarfari sem reglan um hraða málsmeðferð er. Fjallað hefur verið um mannréttindasjónarmið sem búa að baki innleiðingu MSE inn í íslensk lög nr. 62/1994 og stjórnskipunarlögum nr. 97/1995. Grunnþáttur í íslenskri stjórnskipun er að mannréttindi borgaranna eru sérstaklega varin með stjórnarskrábundinni vernd. Gerð var sérstök grein fyrir réttlátri málsmeðferð skv. 1. mgr. 70. gr. stjkskr, sbr. 1. mgr. 6. gr. MSE. Útskýrt voru þau rök sem liggja að baki því að mál sé afgreitt innan hæfilegs tíma. Farið var yfir sögu ákvæðisins um málshraðaregluna í sakamálalögum ( opinber mál ) frá því það var fyrst birt í lögum nr. 27/1951. Ákvæði núgildandi laga ( sml. ) sem kveða á um málshraðaregluna voru til umfjöllunnar svo loka var fjallað um málshraðaregluna á öðrum réttarsviðum, þá helst í stjórnslurétti og einkamálaréttarfari.

Meginreglur sakamálaréttarfars fengu sitt pláss enda mikilvægur þáttur í heildarmyndinni sem þessari ritgerð er ætla að skapa á íslensku réttarfari. Áherslan var að sjálfsögðu á málshraðaregluna og var afgangur ritgerðarinnar tileinkaður rannsóknarspurningunni:


*Hvers vegna skal niðurstaða liggja fyrir innan hæfilegs tíma?*

Stutta svarið við rannsóknarspurningunni er að niðurstaðan skal liggja fyrir innan hæfilegs tíma til að vernda mannréttindi þeirra sem eru þolendur eða gerendur í sakamáli.

Fjallað var um þau viðmið sem MDE hefur til hliðsjónar þegar brotið er á reglunni um hraða málsmeðferð, þær ástæður gefa greinargóða mynd af brotum á reglunni.

Síðasti kafli ritgerðarinnar fjallaði um tölfræði upplýsingar dómstóla, skýrslu starfshóps ríkissaksóknara um málsmeðferðartíma kynferðisbrota og þær framfarir sem hafa átt sér stað hjá LRH í rannsókn kynferðisbrota. Að lokum var fengið álit frá starfandi lögreglumanni og nemandi í lögreglufræðum um hvað betur mætti fara hjá lögreglu.

Ítarlegra svar um hvers vegna niðurstaða skal liggja fyrir innan hæfilegs tíma eru ástæður sem m.a. snerta einstaklingshagsmuni og samfélagið í heild. Einstaklingshagsmunir snúa að því hversu íþyngjandi ráðstöfun það er fyrir einstakling að liggja undir grun um refsiverða háttsemi í langan tíma. jafnvel árum saman og bíða eftir að koma máli fyrir dómstóla, ekki síst ef einstaklingurinn er saklaus af sakargiftum. Ef dæminu er snúið við þá er það sérstaklega



Þungbært að vera sakfelldur mörgum árum eftir að hafa framið brot og þurfa þá að afplána refsidóm. Fyrir brotþola í ofbeldis og kynferðisbrotum fylgir að sjálfsögðu mikið andlegt álag að bíða í örvæntingu um að gerandi máls sé dæmd refsing. Hröð málsmeðferð í slíkum málum geta gert heilmikið jákvætt fyrir hagsmuni brotþola. Frá sjónarhóli samfélagsins þá hafa þau mál sem dragast á langinn mikinn kostnað í för með sér og bitnar það á baráttunni gegn afbrotum í þjóðfélaginu vegna þess að líklegt er að hraðvirk og skilvirk réttarvarsla geti minnkað það samfélagslega tjón sem fylgir afbrotum. Niðurstaða þeirra mála sem voru með hvað alvarlegustu brotin á reglunni leiddu til þeirrar niðurstöðu að refsing hina ákærðu var milduð og jafnvel hafði hún fyrnst í tilfellum sbr. *í máli nr. E-1116/2022*.

Hægt er að ímynda sér að þeir sem starfi að rannsókn vilji kappkosta við að skila málinu frá sér með framúrskarandi hætti til ákærvalds svo hægt sé að afgreiða málið innan hæfilegs tíma. En svo er ekki alltaf raunin út frá þeirri dómaframkvæmd sem skoðuð hefur verið í þessari ritgerð. Upplifunin er að mannréttindi séu ekki virt 100% þrátt fyrir að íslensk löggjöf kveði á um gildi MSE og mannréttindakafla stjkskr.

Þeir dómur sem reifaðir eru í ritgerðinni höfðu í flestum tilfellum það sameiginlega einkenni að eitthvað fór úrskeiðis á rannsóknarstigi hjá lögreglu eða hjá ákærvaldi. Er þetta eins og rauður þráður í gegnum flest öll þau dómsmál sem reifuð hafa verið í ritgerðinni og einnig þau sem komust ekki í ritgerðina.

Betra innra skipulag er nauðsynlegt hjá lögreglu og ákærvaldi til að sporna gegn þeim hægagangi sem dómaframkvæmd sýnir í fjölda mála. Betri nýting starfsafla lögreglunnar er því lausn sem höfundur vill varpa fram við þessu gegnum gangandi vandamáli um hæga rannsókn sem leiðir til brota á málshraðareglunni.

# HEIMILDARSKRÁ

## Alþingi:

Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir. 151. löggjafarþing — 40. fundur (2020. 17. Desember).

Málsmeðferðartími sakamála. Ræða af Alþingi Althingi.is. -

<https://www.althingi.is/altext/raeda/151/rad20201217T110431.html>

## Fræðirit, skýrslur og tímaritsgreinar

Björg Thorarensen o.fl., Mannréttindasáttmáli Evrópu: Meginreglur, framkvæmd og áhrif á íslenskan rétt (2. útgáfa, Bókaútgáfan Codex.) Reykjavík 2017.

Björg Thorarensen: Stjórnskipunarréttur: Mannréttindi. Reykjavík 2008

Björg Thorarensen: Um lög og rétt: Helstu greinar íslenskrar lögfræði (2. útg., Codex 2009)

Eiríkur Tómasson: „Réttarfar“. Um lög og rétt. Helstu greinar íslenskrar lögfræði. 3. útgáfa.

Ritstj. Róbert R. Spanó. Reykjavík 2017.

Eiríkur Tómasson: Meginreglur sakamálaréttarfars, Úlfljótur 2. útg. 2012.

Eiríkur Tómasson: Réttlát málsmeðferð fyrir dómi. Reykjavík 1999.

Eiríkur Tómasson: Sakamálaréttarfar: Rannsókn: Þvingunarráðstafanir. Reykjavík 2012.

Gunnar G. Schram, Stjórnskipunarréttur (Háskólaútgáfan 1999)

Jónatan Þórmundsson. Viðurlög við afbrotum. Codex. Reykjavík 1992.



Lögfræðiorðabók - með skýringum. Ritstj. Páll Sigurðsson. 2008. Lagastofnun Háskóla Íslands, Reykjavík.

Markús Sigurbjörnsson. Einkamálaréttarfar. 2. útg. Úlfjótur. Reykjavík 2003

Páll Hreinsson, Stjórnsýslulögin: skýringarrit (Forsætisráðuneytið 1994)

Páll Hreinsson. Stjórnsýsluréttur – málsmeðferð. Reykjavík 2013

Skýrsla starfshóps Ríkissaksóknara um málsmeðferðatíma kynferðisbrota. Ágúst 2022.

Svala Ólafsdóttir. Nýskipan ákærvalds. Úlfjótur – tímarit laganema 01.05.1997

Porgeir Ingi Njálsson landsréttardómari. (2021). UM HRAÐA MÁLSMEÐFERÐ — MÁLSMEÐFERÐ INNAN HÆFILEGS TÍMA. *Tímarit lögfræðinga*. 1. tbl. Bls. 515 – 585.

## **Fyrirmæli stjórnvalds**

Fyrirmæli Ríkissaksóknara 25. janúar 2017 RS: 4/2017: Málsmeðferðartími

## **Vefheimildir**

Lögreglan á höfuðborgarsvæðinu. *Aukið fjármagn og fjölgun starfsfólks hraðar vinnslu kynferðisbrota hjá LRH*. [Aukið fjármagn og fjölgun starfsfólks hraðar vinnslu kynferðisbrota hjá LRH | Lögreglan \(logreglan.is\)](#)

Dómstólasýslan. *Ársskýrsla 2021*. [Ársskýrsla 2021 á vef.pdf \(domstolar.is\)](#)

# **Dómaskrá**

## **Dómar Hæstaréttar**

*Dómur Hæstaréttar frá 3. maí 1999 í máli nr. 169/1999*



*Dómur Hæstaréttar frá 4. nóvember 1999 í máli nr. 234/1999*

*Dómur Hæstaréttar frá 18. desember 2000 í máli nr. 419/2000*

*Dómur Hæstaréttar frá 27. febrúar 2003 í máli nr. 508/2002*

*Dómur Hæstaréttar frá 8. júní 2006 í máli nr. 28/2006*

*Dómar Hæstaréttar 25. september 2008 mál nr. 96/2008*

*Dómur Hæstaréttar frá 11. júní 2009 í máli nr. 472/2008*

*Dómur Hæstaréttar frá 25. janúar 2012 í máli nr. 682/2011*

*Dómur Hæstaréttar frá 18. apríl 2013 í máli nr. 310/2012*

*Dómur Hæstaréttar frá 29. október 2015 í máli nr. 831/2014*

*Dómur Hæstaréttar frá 13. október 2016 í máli nr. 207/2015*

*Dómur Hæstaréttar frá 17. september 2020 í máli nr. 54/2019*

*Dómur Hæstaréttar frá 16. júní 2021 í máli nr. 12/2021*

### **Dómar Landsréttar**

*Dómur Landsréttar frá 16. nóvember 2018 í máli nr. 165/2018*

*Dómur Landsréttar frá 11. október 2019 í máli nr. 808/2018*

*Dómur Landsréttar frá 26. júní 2020 í máli nr. 140/2018*

*Dómur Landsréttar frá 19. mars 2021 í máli nr 779/2019*

### **Dómar héraðsdómstóla**

*Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur frá 20. október 2022 í máli nr. S-3394/2022*





*Dómur Héraðsdóms Reykjavíkur frá 9. mars. 2023 í máli nr. E-1116/2022*

*Mál nr. S-1075/2023 ( málið hefur aðeins verið þingfest í héraðsdómi Reykjavíkur, sú er staðan þann 27.4 2023)*

**Dómar Mannréttindadómstóls Evrópu:**

*Dómur Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Neumeister gegn Austurríki frá 27. júní 1968, A 8, gr. 20-21 ( bls. 41-43)*

*Dómur Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Deweer gegn Belgíu frá 27. febrúar 1980, mál nr. 6903/75*

*Dómur Mannréttindadómstóls Evrópu frá 13. júlí 1983, Zimmerman og Steiner gegn Swiss, mgr. 29, í máli nr. 8737/79*

*Dómur Mannréttindadómstóls Evrópu í máli Bunkate gegn Hollandi frá 26. maí 1993, A 248-B, gr. 21-23.*

**Álit Umboðsmanns Alþingis**

*UA 29. desember 1988 í máli nr. 70/1988*